

SHALDÖR
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Sumardekk
Markaðurinn



Hagfræðingur og ferðafugl
Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers, sameinar áhugamálin í vinnunni.
fólk 1



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

11. apríl 2012
84. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Óverðtryggðu lánin hækka

Viðskiptabankarnir hafa brugðist við nýlegri stýrivaxtahækkun Seðlabankans með því að hækka vexti á óverðtryggðum fasteignalánunum. Vinsældir óverðtryggðra lána gætu aukið virkni peningastefnu bankans.

EFNAHAGSMÁL Horfur á vaxandi verðbólgu og stýrivaxtahækkun Seðlabankans í síðasta mánuði hafa valdið því að allir viðskiptabankarnir fjórir hafa nú hækkað vexti á óverðtryggðum fasteignalánunum sínum. Vextir óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum hafa alls staðar hækkað og vextir lána með föstum vöxtum í þrjú eða fimm ár hafa hækkað hjá tveimur bönkum auk þess sem sá þriðji er líklegur til að fylgja í kjölfarið.

Óverðtryggð fasteignalán hafa aðeins staðið neytendum til boða um skamma hríð en viðskiptabankarnir hófu að bjóða slík lán á seinni hluta síðasta árs. Hafa

lánin notið talsverðra vinsælda og hefur meirihluti lántakenda hjá bönkunum valið að taka óverðtryggð lán frá því að þau komu á markað. Íbúðalánasjóður hefur hins vegar enn ekki hafið að bjóða upp á óverðtryggð lán en sjóðurinn áformar að gera það frá og með næsta hausti.

„Ástæðan er fyrst og fremst sú að vextir hafa farið hækkanði í landinu sem og verðbólga. Ekki varð hjá því komist að endurspeglu þá þróun í þessum kjörum,“ segir Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi hjá Arion banka, aðspurður um ástæður hækkunarinnar. „En rétt er að taka fram að þetta á aðeins við um ný lán. Þegar tekin lán eru áfram

0,25%

er hækkunin á vöxtum óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum hjá Íslandsbanka, Landsbanka og MP banka.

með fasta 6,45% vexti,“ segir Haraldur Guðni.

Ólíkt því sem lántakendur verðtryggðra lána eiga að venjast er þess að vænta að vextir á óverðtryggðum lánunum, og þar með greiðslubyrði þeirra, sveiflist nokkuð á milli tímabila. Hækkunir bankanna á vöxtum óverðtryggðu

lánanna nú eru því væntanlega einungis fyrsta dæmið um slíka sveiflu en vaxtahækkunir bankanna munu hafa ein áhrif á það sem skuldarar með óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum greiða um næstu mánaðamót.

Vegna aukinna vinsælda óverðtryggðu lánanna má gera ráð fyrir að áhrifamáttur peningastefnu Seðlabankans aukist. Seðlabankinn hefur bent á að verðtryggðu jafngreiðslulánum, sem enn eru langútbreiddasta fasteignalánformið, veiti skuldurum að nokkru leyti meira skjól fyrir áhrifum stýrivaxtahækkana en ella, að minnsta kosti til skemmri tíma.

- mþl / sjá Markaðinn



Afmæli á Íslandi

Tom Cruise verður fimmtugur í sumar og hyggst halda upp á það á Íslandi.

popp 26

Ofbauð launamisréttið

Fyrsta kvennaverkfallinu á Íslandi lauk á þessum degi fyrir réttari öld.

tímamót 14




Alvöru gervigras

Stjarnan er að leggja nýtt og mun betra gervigras á heimavöll sinn.

sport 22

veðrið í dag



MINNKANDI ÚRKOMA suðvestan- og vestanlands og strekkingsvindur en hægari vindur annars staðar og úrkomulítið. Heldur kólnar í veðri.

VEÐUR 4



LYGILEGAR VINSÆLDIR Plata Of Monsters and Men rokselst í Bandaríkjunum um þessar mundir. Hljómsveitin kom fram á dögumunum í hljóðveri bandarísku útvarpsstöðvarinnar WRRF, þar sem þessi mynd var tekin. NORDICPHOTOS/GETTY

Plata Of Monsters and Men situr ofarlega á vinsældalistum vestanhafs:

55 þúsund plötur seldar á viku

TÓNLIST Platan My Head Is an Animal með hljómsveitinni Of Monsters and Men hefur selst í 55 þúsund eintökum frá því að hún kom út í Bandaríkjunum í síðustu viku. Platan situr nú í þriðja sæti á sölulista iTunes ásamt því að vera ofarlega á listum netrisans Amazon.com.

„Þetta hljómar allt mjög vel, en maður skilur samt ekki alveg hvað þessar tölur þýða, þetta er svo ótrúlegt,“ segir Ragnar Þórhallsson, annar söngvara Of

Monsters and Men, þegar Fréttablaðið náði af honum tali í New York-ríki síðdegis í gær.

Hljómsveitin hefur verið á ferðalagi um Bandaríkin frá 13. mars. Uppselt hefur verið á alla nítján tónleika sveitarinnar og inntur eftir því hvort þau finni sjálf fyrir þessum miklu vinsældum svarar Ragnar því játandi. „Þetta er allt mjög óraunverulegt. Við erum beðin um eiginhandarárítanir og spilum fyrir fullu húsi öll kvöld. Maður

þarf að stoppa reglulega til þess að klípa sig í handlegginn,“ segir hann.

Fjölmiðlar vestanhafs hafa verið duglegir að fjalla um tónleikaferðalag Of Monsters and Men. Gagnrýnandi New York Times segir í dómi sínum um tónleika hljómsveitarinnar í Webster Hall á föstudaginn langa að nú bíði erfitt verkefni: Að halda sjarmanum og sérvískunni og gæta þess að falla ekki í klisjurnar.

- sm, afb / sjá síðu 26

Var við leik á sveitasetri:

Spænskur prins skaut sig í fótinn

SPÁNN Þrettán ára barnabarn Jóhanns Karls Spánarkonungs skaut sig í fótinn á mánudag. Spænska konungshölin greindi frá þessu í gær.

Prinsinn heitir Filippus Jóhann Froilan og er elsta barnabarn konungshjónanna. Hann er þekktur í spænskum fjölmiðlum undir síðasta nafninu. Hann var að leika sér með byssu á sveitasetri föður síns þegar skot hljóp af og fór í hægri fót hans. Drengurinn þurfti að fara í aðgerð á tá og þarf að dvelja á spítala í nokkra daga.

Börn undir fjórtán ára aldri mega samkvæmt lögum ekki skjóta úr byssum á Spáni. Talsmenn konungsfjölskyldunnar vildu ekki tjá sig um þá hlið málsins í gær.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem voðaskoti er hleypt af innan konungsfjölskyldunnar. Árið 1956 varð Jóhann Karl sjálfur bróður sínum að bana eftir að skot reið af úr byssu sem hann lék sér með.

- þeb

Endurlifðu minningarnar á geisladiski

4 fyrir 3 af hljóðsnældum yfir á geisladisk

Gildir til 13. apríl

GAGNVIRKNI
www.gagnvirgni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi

STELLA BLÓMKVIST ER MÆTT AFTUR!

www.forlagid.is - alvöru bókaverslun á netinu

MORÐIÐ Á BESSASTÖÐUM

NÝR ÍSLENSKUR KRIMMI

www.ms.is

Fjörmjólk


Fáðu D-vítamín úr Fjörmjólk!

Líf- og sjúkdómatryggingar

Það er margt sem felst í því að vera ábyrgir

FORELDRAR

Mynd 1.a



2012
Heillakeðja barnanna
 Í apríl renna 15% af iðgjöldum seldra líf- og sjúkdómatrygginga til Barnaheilla.
 **Barnaheill**
 Save the Children Iceland

Vertu líf- og sjúkdómatryggður

Með líf- og sjúkdómatryggingu hjá VÍS býrðu þér og þínum nánustu öruggari og áhyggjulausari framtíð. Allir þeir sem hafa fyrir öðrum að sjá eða hafa fjárhagslegar skuldbindingar ættu að huga að mikilvægi líf- og sjúkdómatrygginga.

Kynntu þér málið á vis.is eða fáðu ráðgjöf í síma 560 5000.



SHIFT_the way you move



NÝR

QASHQAI DÍSil

4,6 l/100 km



NISSAN QASHQAI DÍSil

Nú er Nissan Qashqai fáanlegur með nýjum og mjög spennandi dísilvélum sem eyða aðeins frá 4,6 lítrum af eldsneyti á hverja 100 km. Þetta er með því allra lægsta sem þekktist meðal fjórhjóladrifsbíla á Íslandi. Kíktu til okkar og fáðu að reynsluaka – og já, verðið mun sannarlega koma þér á óvart!

- 5 stjörnu einkunn í EURO Ncap
- Fjórhjóladrif með LOCK stillingum
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- Bakskynjarar
- 17“ álfelgur
- Og margt fleira

KYNNINGARVERÐ

Frá: **4.990 þús. kr.**


Dæmi: **39.889 kr.** á mánuði miðað við að eldri bill að verðmæti 2.600.000 sé látinn ganga upp í og eftirstöðvar á óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða.

www.nissan.is

Öflug uppbygging í 80 ár



1972 Hitaveita á Reykjum, Mosfellsbæ



1958 Háspennumastur í Kollafirði




2010 Sundlaugin Hofsósi



1953 Laxárvatnsvirkjun

Hjá Verkís starfa útsjónarsamir smiðir hugmynda og lausna, reynsluboltar á öllum sviðum verkfræði og skyldra greina. Síðastliðin 80 ár hafa starfsmenn fyrirtækisins átt þátt í flestum stærri mannvirkjum og framkvæmdum á Íslandi.

Verkís rekur uppruna sinn til 1932 þegar fyrsta íslenska verkfræðistofan hóf starfsemi sína.



2011 Hörputorg



2008 Svartsengi

80 ÁRA | 1932
2012

VERKÍS

Verkís verkfræðistofa | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | www.verkis.is



2003 Bláa Iónið



1958 Grímsárvirkjun

Saga Verkís er þannig samofin sögu uppbyggingar og atvinnulífs á Íslandi eins og við þekkjum það.



1946–2011 Hallgrímskirkja



1. Hvar er tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður haldin um hverja páska?
2. Hver vann Mastersmótið í golfi sem fram fór um helgina?
3. Eftir hvaða tónlistarmann er lagið Allt varð hljótt sem hljómar í kvikmyndinni Hungurleikunum?

SVÖR:

1. Á Ísgríði 2. Bubba Watson
3. Olaf Arnalds

Söfnun UNICEF fyrir vannærð börn á Sahel-svæðinu í Afríku gengur framur vonum:

Tólf milljónir hafa safnast á Íslandi

ÞRÓUNARABSTOD Söfnun UNICEF fyrir vannærð börn á Sahel-svæðinu í Afríku hefur gengið vonum framur þar sem tólf milljónir króna hafa safnast á einni viku.

„Við erum afar þakklát fyrir stuðninginn og það mikla traust sem UNICEF er sýnt,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, í tilkynningu.

„UNICEF er á staðnum í öllum átta ríkjum á Sahel-svæðinu þar sem þurrkar og uppskeru-

brestur hafa sett börn í lífshættu. UNICEF hefur þekkingu, reynslu og getu til að bjarga lífi vannærða barna og reynslan sýnir að 95% vannærðra barna sem fá meðhöndlun á þessu svæði lifa af. Flest börnin ná sér á einungis fáeinum vikum,“ segir Stefán jafnframt.

Fjármunirnir munu koma að góðum notum þar sem framlögin sem þegar eru komin duga fyrir 214.000 skömmtum af vítamín-bættu jarðhnetumauki.

Um milljón barna á það á hættu

að láta lífið vegna vannæringar í kjölfar þurrka og uppskerubrests á svæðinu.

Upplýsingar um hvernig leggja má af mörkum til þessa málefnis má finna á unicef.is - þj

NJÓTA GÓBS AF FRAMLÖGUM Hundruð þúsunda barna eiga nú um sárt að binda á Sahel-svæðinu í Afríku. Íslendingar hafa látið tólf milljónir króna af hendi rakna þeim til aðstoðar.

MYND/UNICEF



Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við umhverfis- og náttúruvernd. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2012.

Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
- » Verkefni er tengjast rannsóknum á náttúrugæðum.
- » Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
- » Verkefni er nýttast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfenaðar eða ferðamanna.
- » Verkefni er auka þekkingu og vitund almennings á umhverfismálum.
- » Verkefni er hvetja til umhverfisvæns hátternis.

Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með 30. apríl 2012. Dórnafnd verður skipuð sérfræðingum á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Sótt er um umhverfisstyrki rafrænt, á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



GUY FIERI HEIMSKÆR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS



FLÓTTAMANNABÚÐIR HEIMSÓTTAR Kofi Annan heimsótti Yayladagi-flóttamannabúðirnar í Tyrklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Engin merki um friðarvilja

Sýrlensk stjórnvöld héldu árásum sínum áfram í gær, þrátt fyrir að samkvæmt samþykktri friðaráætlun hafi vopnahlé átt að hefjast. Kofi Annan og Öryggisráð SP hafa miklar áhyggjur af ástandinu.

SÝRLAND, AP Stjórnvöld í Sýrlandi halda áfram árásum á svæði þar sem uppreisnarmenn eru og er talið að um sextíu manns hafi látið lífið í slíkum árásum í gær. Áður höfðu sýrlensk stjórnvöld samþykkt friðaráætlun sem gerði ráð fyrir því að vopnahlé hæfist í gær.

Stjórnvöld sögðust í gær hafa dregið sig til baka á sumum svæðum. Það er þó ekki tekið trúanlegt enda ekkert sem bendir til þess. Fréttir bárust af bardögum í mörgum borgum, meðal annars í borginni Homs, sem hefur orðið hvað verst úti á því rúma ári sem liðið er frá því að uppreisnin gegn Bashar Al-Assad forseta hófst.

Kofi Annan, sérstakur erindregi Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins í málefnum Sýrlands, sagði í gær að sýrlensk stjórnvöld hefðu ekki sýnt vilja til friðar. Þó væri friðaráætlun hans enn í fullu gildi og hægt væri að bjarga henni. Hann hvatti stríðandi fylkingar til þess að hætta bardögum undir eins. Þá sagði hann undanfarna daga hafa átt að vera tækifæri fyrir stjórnvöld til að senda sterk skilaboð um frið í samræmi við sex þrepa friðaráætlun hans. „Ég hef miklar áhyggjur af þróun mála,“ segir í bréfi hans til Öryggisráðs SP síðan í gær.

Samkvæmt friðaráætluninni

átti að hefja vopnahlé í gær og öll vopnuð átök áttu að hætta algjörlega á morgun. Í framhaldinu áttu uppreisnarmenn og stjórnvöld að hefja viðræður um laus málsins. „Þetta er áætlun sem Öryggisráðið hefur stutt. Þetta er áætlun sem Sýrlendingar hafa stutt og samkvæmt upplýsingum frá uppreisnarmönnum eru þeir einnig tilbúnir að styðja áætlunina ef stjórnvöld standa við að draga herlið sitt til baka,“ sagði Annan í heimsókn sinni í flóttamannabúðir í Tyrklandi, við landamæri Sýrlands, í gær.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tók undir með Annan í gær. Á næstunni kæmi í ljós hvort ráðið þurfi að herða aðgerðir sínar gegn sýrlenskum stjórnvöldum. Það væri mikið áhyggjuefni að undanfarna daga hafi ofbeldi ekki aðeins haldið áfram í landinu heldur hafi það aukist.

Walid Muallem, utanríkisráðherra Sýrlands, sagði í gær að vopnahlé ætti að miðast við komu alþjóðlegra eftirlitsmanna til landsins. Þrátt fyrir það hafi stjórnvöld hafið brottflutning herliðs frá sumum svæðum landsins. Þá sagði Muallem að þrátt fyrir jákvæðar aðgerðir hafi „andstaða vopnaðra hryðjuverkahópa“ aukist dag frá degi. Muallem er í Rússlandi.

thorunn@frettabladid.is

Gætir þú sofið miklu betur?



12 mánaða vaxtalaus lán á TEMPUR heilsudýnum í apríl*

* 3,5% lántökugjald

Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegar þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. TEMPUR þrýstijöfnunarefnið er mjúkt þar sem þú vilt og stíft þar sem þú þarft™ og veitir þannig þrýstijöfnun, þægindi og náttúrulegan stuðning. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins. Kíktu á www.tempur.is til að sjá meira um Tempur heilsuvörurnar. Næturlöng endurnýjun fyrir líkama og sál™




EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VÍÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERDASTOFNUNINI

20% afsláttur



Stillanlegu heilsurúmin sem Betra Bak býður uppá eru ein þau vönduðustu sem í boði eru. Komdu og skoðuðu möguleikana!

19.900 með 20% afsl.



TEMPUR Comfort heisukoddinn er einstaklega mjúkur og þægilegur, með nýju extra mjúku TEMPUR efni.

15.885 með 20% afsl.



TEMPUR Original heisukoddinn, sem flestir þekkja, styður vel við háls og setur þig í rétta svefnstöðu.

20% afsláttur



TEMPUR Cloud heilsudýnan er nú á sérstöku tilboði í apríl.

www.betrabak.is



Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Ópið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Ársfundur Kjalar lífeyrissjóðs

Kjölur lífeyrissjóður boðar hér með til ársfundar sjóðsins. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel, Sigtúni 38 í Reykjavík, fimmtudaginn 26. apríl 2012 kl. 17.00.

Allir sjóðsfélagar og réttahafar eiga rétt á setu á ársfundinum.

Dagskrá:

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.
2. Tillaga stjórnar um samruna við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Ársfundargögn er hægt að nálgast á vefsíðu sjóðsins, www.landsbankinn.is/ls/kjolur og hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans, Austurstræti 11.

Reykjavík, 11. apríl 2012

Virðingarfyllst,
stjórn Kjalar lífeyrissjóðs

AÐAL- FUNDUR VM

14. apríl 2012
að Grand Hótel
í Reykjavík

DAGSKRÁ:

- Kl. 13.00. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra
- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins
- Reikningar félagsins og sjóða
- Umræður um skýrslu og reikninga
- Kjör endurskoðenda, E&Y
- Reglugerða- og lagabreytingar
- Ákvörðun stjórnarlauna
- Lýst kjöri stjórnar og varastjórnar VM í stjórnarkjöri 2012
- Kjör í nefndir og stjórnir sjóða
- Kjör í fulltrúaráð
- Kynning á uppbyggingu orlofssvæðis á Laugarvatni
- Önnur mál

Boðið verður upp á léttar veitingar að fundi loknum



- okkur er annt um þinn hag

Dómari segir SFO algjörlega vanhæfa

Breskur dómari segist forviða á því hvað breska efnahagsbrotalögreglan á erfitt með að reiða fram gögn til stuðnings húsleitum hjá Kaupþingi og Tchenguiz-bræðrum í fyrra. SFO segir djúpt á gögnunum vegna mikillar starfsmannaveltu.

DÓMSMÁL Dómari við breskan dómstól, High Court, átelur bresku efnahagsbrotalögregluna Serious Fraud Office (SFO) harðlega fyrir að geta ekki lagt fram nein gögn sem legið hafi til grundvallar húsleitum hjá auðkýfingnum Vincent Tchenguiz í mars í fyrra.

Aðgerðirnar sem SFO réðst í í mars í fyrra voru gríðarlega umfangsmiklar og beindust að bræðrunum Robert og Vincent Tchenguiz og Kaupþingi og lána-viðskiptum þeirra á milli. 135 manns tóku þátt í þeim og nýu voru handteknir, þeirra á meðal Sigurður Einarsson, Ármann Þorvaldsson og aðrir íslenskir fyrrverandi starfsmenn Kaupþings.

Í febrúar síðastliðnum neyddist SFO til að senda frá sér þriggja blaðsíðna skriflega afsökunarbeiðni til Vincents Tchenguiz og viðurkenna að aðgerðirnar hefðu grundvallast á röngum upplýsingum. Á sama tíma lýsti SFO því yfir að rannsóknin mundi halda áfram.

Fyrir dómi í síðustu viku fór SFO fram á sex vikna frest til viðbótar til að sýna fram á það á hverju málið grundvallaðist, að því er segir í breska blaðinu Financial Times.

Dómarinn, Sir John Thomas, sagði að það væri með öllu óviðunandi að SFO hefði enn ekki skilað af sér þessum rökstuðningi. Eina skýringin væri „alger vanhæfni“. „Ég hef aldrei kynnst öðru eins,“ bætti hann við, samkvæmt Financial Times. Hann veitti þó frest til loka apríl.

SFO afsakaði sig með því að



VINCENT TCHENGUIZ Hann hefur farið fram á 20 milljarða íslenskra króna í skaðabætur vegna málsins.



SIGURÐUR OG ÁRMANN Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, og Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupþings Singer & Friedlander, voru handteknir vegna málsins í fyrra.

nákvæmar upplýsingar um upphaf og aðdraganda rannsóknarinnar væru einfaldlega ekki lengur til staðar hjá embættinu. Margir af upphaflegum rannsakendum væru hættir störfum hjá stofnuninni og sumir jafnvel fluttir úr landi.

Vincent Tchenguiz sagði óskiljanlegt að SFO hygðist halda áfram rannsókninni á málefnum hans í ljósi alls þessa. „Þegar

ég var í skóla hélt ég því gjarnan fram að hundurinn hefði étið heimaverkefni mín. Það er allt í lagi fyrir skólastrák, en frekar aumt af opinberum eftirlitsaðila,“ er haft eftir honum.

Tchenguiz telur aðgerðirnar hafa skaðað sig og starfsemi sína og hefur höfðað hundrað milljóna punda skaðabótamál vegna þess, jafnvirði um 20 milljarða króna.

stigur@frettabladid.is



MBA kynningarfundur 12. apríl kl. 16:00 í stofu 101 á Háskólatorgi

MBA-námið í Háskóla Íslands:

- Eflir persónulega færni og leiðtogaþæfileika á sviði rekstrar og stjórnunar
- Byggir á mikilli reynslu og tengslum við íslenskt atvinnulíf
- Ýtir undir frumkvæði, færni og forystueiginleika nemenda

Námið er tveggja ára metnaðarfullt meistaranám fyrir stjórnendur og er skipulagt samhliða starfi. Að öllu jöfnu er kennt á föstudögum og laugardögum aðra hvora helgi. Umsóknarfrestur er 5. júní.

Skoraðu á þig og taktu skrefið

www.mba.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD



BYLGJAN 25
ÁRA
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Kvótafrumvörpin gagnrýnd: Sjómenn á móti frumvörpunum

SJÁVARÚTVEGSMÁL Stjórnir Farmana- og fiskimannasambands Íslands og Félags skipstjórnarmanna mótmæla harðlega framkomnum kvótafrumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Í sameiginlegri ályktun stjórnanna segir að frumvörpin séu unnin án alls samráðs við atvinnugreinina og verði þau að lögum muni þau auka ósætti innan greinarinnar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þá muni kjör sjómanna versna verulega og leigubrask aukast. -sh

Skipstjóri norska línuveiðiskipsins, sem staðið var að ólöglegum veiðum, ber fyrir sig þekkingarleysi : Segist ekki hafa vitað af veiðibanni á kóralsvæði

LÖGREGLUMÁL Magne Dyb, skipstjóri á norska línuveiðiskipinu Ny Argo, segist ekki hafa vitað að hann hafi verið á línuveiðum á bannsvæði. Þetta kom fram í viðtali norska útvarpsins við hann í gærmorgun.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær stóð Landhelgisgæslan skipið að meintum ólöglegum veiðum í Skeiðarárdjúpi, nærri 30 sjómílum suður af Ingólfshöfða, í fyrradag. Var skipstjóranum skipað að sigla til hafnar og kom skipið til Vestmannaeyja í fyrrkvöld og yfirheyrði lögreglan skipverjana þegar í stað. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum vonast til að hægt verði að dómataka málið á næstu dögum. Sektin getur numið allt að fjórum milljónum króna. Óvíst er hvort skipstjórinn bíði eftir

dómnum því útgerð skipsins getur lagt fram tryggingu vegna sektarinnar. Eftir það getur skipið lagt úr höfn.

Ny Argo ætlaði aðallega að veiða löngu á svæðinu, en samkvæmt reglugerð um verndun kóralsvæða úti af Suður- og Suðvesturlandi er bannað að veiða annað en uppsjávarfisk á svæðinu.

Bæði skipstjórinn og útgerðarmaður skipsins segjast hafa skoðað heimasíðu sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskistofu áður en haldið var á miðin, og ekki getað fundið neitt um bannið.

Í VESTMANNAEYUM Norska skipið Ny Argo, sem staðið var að ólöglegum veiðum í Skeiðarárdjúpi, kom til Vestmannaeyja í gærkvöldi. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON



LEIKJATÖLVA Sony framleiðir meðal annars PSP-leikjatölvurnar.

Viðvörðun frá raftækjarisa:

Sony tapar um 840 milljörðum

VIÐSKIPTI Stórfyrirtækið Sony gerir ráð fyrir því að tapa sex og hálfum milljarði Bandaríkjadala, eða 840 milljörðum króna, á þessu ári en fyrirtækið sendi frá sér viðvörðun þessa efnis í gær. Áður var gert ráð fyrir þriggja milljarða dollara, eða 390 milljarða króna tapi.

Raftækjarisinn á í miklum erfiðleikum en hann hefur skilað tapi undanfarin þrjú ár. Gert er ráð fyrir að Sony reki 10 þúsund starfsmenn á árinu til þess að mæta tapinu og minnki umfang sitt til muna. Stóra vandamálið hefur verið sjónvarpstækjaframleiðslan en tap hefur verið á þeim rekstri síðustu átta ár.

Bjó til eina vinsælustu tölvuna:

Upphafsmáður Commodore-tölvanna látinn

TÆKNI Máðurinn sem fann upp Commodore 64-tölvurnar, Jack Tramiel, er látinn. Hann lést 8. apríl síðastliðinn, 83 ára að aldri.

Í umfjöllun um Tramiel á danska viðskiptavefnum epn.dk segir að hann sé ef til vill ekki jafn þekktur og Bill Gates, Steve Jobs eða Michael Dell en áhrif hans í tölvuheiminum hafi ef til vill ekki verið minni. Markmið hans var að framleiða tölvur sem allir gætu eignast og það tókst honum því Commodore-tölvurnar voru á sínum tíma vinsælustu tölvur í heimi. - jhh

Innbrot í sumarbústaði:

Stolið og spilt í Borgarfirði

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í þrjú sumarbústaði í umdæmi lögreglunnar í Borgarfirði í vikunni. Bústaðirnir eru á Dagverðarnesi og Indriðastöðum í Skorradal og á Borgum í Stafholtstungum, skammt frá Gljúfurá, að því er fram kemur á Skessuhorni.is. Einhverjar skemmdir voru unnar á bústöðunum. Úr einum bústaðnum var stolið flatskjá og verkfærum úr öðrum.

Þá var brotist inn í gamla sölu-skálann í Botni í Hvalfirði. Það mál er upplýst, en þar voru unnar skemmdir. Unnið er að rannsókn málsins. - kh

Sprotaping Íslands í samstarfi við Arion banka

Föstudaginn 13. apríl kl. 9-13 í Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá:



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson opnar þingið



Joachim Krohn-Høegh, framkvæmdastjóri Argentum í Noregi

Argentum er einn stærsti áhættufjárfestingarsjóður Noregs með um 150 milljarða króna eignasafn.



Torkel Ystgaard, aðstoðarframkvæmdastjóri SIVA

SIVA er norska nýsköpunarmiðstöðin en hún rekur 44 iðnaðargarða og er hluthafi í 145 sprotafyrirtækjum.



Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins

Framtíð nýsköpunar og sprotafyrirtækja á Íslandi.



Einar Gunnar Guðmundsson, Arion banka

Stuðningur og framlag Arion banka til nýsköpunar á Íslandi.

Sprotaping Íslands (Seed Forum Iceland) hefur um árabil verið einn helsti vettvangur íslenskra sprotafyrirtækja til að kynna sig fyrir fjárfestum og íslensku athafnalífi. Á þessu Sprotapingi munu átta fyrirtæki kynna starfsemi sína, þar af fimm íslensk, tvö norsk og eitt sænskt/breskt fyrirtæki.

Með stuðningi sínum vill Arion banki undirstrika mikilvægi fyrirtækja- og verðmætasköpunar fyrir íslenskt samfélag. Fleiri en 100 sprotafyrirtæki hafa kynnt sig fyrir fjárfestum á Sprotapingi frá því að fyrsta þingið var haldið árið 2005.

Skráning á www.seedforum.is



arionbanki.is – 444 7000

Að ausa fley með fingurbjörg – veikleikar núverandi stefnu um afnám hafta

Gjaldeyrishöft
Árni Páll Arnason
 þingmaður



Við höfum nú búið við gjald-eyrishöft frá nóvemberlokum 2008. Í upphafi bundum við vonir við að hægt væri að leysa úr þeim vanda á 3 til 12 mánuðum. Nú þremur og hálfu ári síðar er ekkert sem bendir til að það takist að losna við höftin í fyrirsjáanlegri framtíð.

Mikil krónueign erlendra aðila hefur frá upphafi staðið afnámsferlinu fyrir þrífum. Í aðdraganda hruns sóttu erlendir aðilar í að kaupa krónur til að njóta þeirra ofurvaxta sem Seðlabankinn bauð í vanhugsaðri tilraun til að halda aftur af innlendri verðbólgu með því að halda gengi krónunnar uppi. Eftir fall Lehman-bankans í september 2008 vildu útlandingarnir allir skipta krónunum sínum til baka. Flóttinn var svo hraður að gengi krónunnar féll ekki aðeins heldur hrundi gjaldeyrismarkaðurinn og viðskiptin námu staðar, því enginn mótaðili var til staðar á hinni hliðinni til þess að kaupa krónur. Þannig hrundi krónan á undan bönkunum og hundruð milljarða af fé erlendra spákaupmanna frusu inni. Það fé er hér enn. Aflandskrónueignin var metin um 470 milljarðar íslenskra króna fyrir um ári síðan. Þjóðin hefur ekki þann gjaldeyri hand-

bæran sem þarf til þess að leysa þessa fjármuni út. Og sú staðreynd var meginástæðan til þess að höftin voru sett.

Stefna um afnám í öngstræti

Til að leysa úr aflandskrónuvandanum var í stefnumörkun stjórnvalda og Seðlabanka lögð höfuðáhersla á leið gjaldeyrisútboða, til að leiða saman þá sem mögulega gætu viljað koma með gjaldeyri inn og þá sem vildu losna út með krónueignir. Útboðin hafa á undanförunum mánuðum verið réttilega gagnrýnd fyrir að vera seinvirk leið til lausnar á vandanum. Þrátt fyrir margar tilraunir, hefur einungis náðst að minnka aflandskrónustöðuna um einhverja tugi milljarða í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans.

Þrýst hefur verið á lífeyris-sjóði um þátttöku í útboðunum, en þeir haft á því lítinn áhuga, enda erlendar eignir þeirra verðmætar og fáir fjárfestingarkostir í boði fyrir þá hér á landi. Þvert á móti er þörf á því fyrir lífeyrissjóðina að auka á fjárfestingar þeirra erlendis til að dreifa áhættu sjóðanna. Það er því alltaf skammgóður vermir að ætla lífeyris-sjóðunum að flytja mikla peninga heim, því þeir munu sækja fljótt í að koma því fé aftur í ávöxtun utan landsteinanna. Það er þeirra hlutverk að ávaxta lífeyri landsmanna með eins góðum hætti og kostur er í raunverulegum handbærum verðmætum, en ekki kasta því fé í æfingar til að bjarga veikburða gjaldmiðli sem gætu hæglega rýrt greiðslugetu lífeyrissjóðanna þegar til lengri tíma er litið.

Léleg þátttaka í síðasta gjald-eyrisútboði Seðlabankans sýnir þennan vanda í hnotskurn. Þátt-takan í útboðinu var nær engin og tilboð lífeyrissjóðanna bera þess merki að þeir hafa ekki raunverulegan vilja til þátttöku í verkefningu á þessum forsendum, þótt þeir taki þátt að nafninu til.

Vandinn hefur vaxið

En eins og það væri ekki nóg, bætist við sú staðreynd að magn þeirra krónueigna sem leysa þarf út hefur farið vaxandi þar

nokkrum rétti að stefna Seðlabankans um afnám hafta sé komin í algerar ógöngur. Lítil árangur hefur verið af gjald-eyrisútboðunum og á sama tíma hefur heildarvandinn vegna krónueignar erlendra aðila meira en tvöfaldast. Sérfræðingar eru sammála um að Seðlabanka-stefnan muni ekki geta leitt til afnáms hafta innan ásættanlegs tíma. Þetta er bara eins og ausa lekan togara með fingurbjörg. Það er fræðilega mögulegt, en tekur afskaplega langan tíma

af orkuauðlindum landsins eða eitthvað annað verði til sem skili þeim gjaldeyri sem nauðsynlegur er til þess að kaupa út hina erlendu spákaupmenn. Sú bið gæti tekið ár og áratugi. Á meðan myndi íslenskt atvinnulíf bíða hrikalegt tjón, eins og ég rakti í fyrstu grein minni um þessi mál.

Það liggur fyrir að einfaldasta leiðin til afnáms hafta er með aðild að ESB og undirbúningi upp-töku evru. Vandinn við þá leið er annars vegar sá að ekki hefur náðst að byggja nægilega góða samstöðu um hana og að afnáms-ferli á þeim grunni getur heldur ekki hafist fyrir en eftir að aðild að ESB hefur verið samþykkt í þjóðaratkvæði. Þjóðaratkvæðagreiðslan getur fyrst farið fram eftir tvö ár. Að óbreyttu verður því ekkert gert sem máli skiptir í afnámi hafta, fyrr en í fyrsta lagi seint á árinu 2014. Ef aðild verður hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu, höfum við engin svör.

Það er algerlega óásættanlegt að halda fleyinu stefnulausu svo lengi. Þetta er slæmt fyrir okkur sem viljum aðild að ESB, en enn verra fyrir áhugamenn um framtíð Íslands utan ESB. Þeir geta ekki verið þekktir að því að hafa enga trúverðuga stefnu um gengis- og peningamál til næstu ára, sem gerir afnám hafta mögulegt.



Það er algerlega óásættanlegt að halda fleyinu stefnulausu svo lengi. Þetta er slæmt fyrir okkur sem viljum aðild að ESB, en enn verra fyrir áhugamenn um framtíð Íslands utan ESB. Þeir geta ekki verið þekktir að því að hafa enga trúverðuga stefnu um gengis- og peningamál til næstu ára, sem gerir afnám hafta mögulegt.

sem komið hefur í ljós að þrotabú gömlu bankanna eiga verulegar krónueignir sem hinir erlendu kröfuhafar þeirra vilja gjarnan leysa til sín. Þessar eignir gætu orðið á bilinu 500-700 milljarðar. Með nýlegum lagabreytingum voru þessar eignir felldar undir höftin. Í stað þess að við séum að fást við vanda sem nemur tæpum 30% af þjóðarframleiðslu getur vandinn því orðið í kringum 60% af þjóðarframleiðslu.

Það má því halda því fram með

og árangur er háður því að lekinn inn sé minni en austursgeta fingurbjargarinnar.

Á meðan bíða allir...

Að öðru óbreyttu stefnir í að þjóðin þrasi um óraunhæf ævintýri á borð við einhliða upptöku Kanadadollars enn um sinn og engin raunhæf lausn verði til. Við getum þá bedið og vonað að einhvern hvalreka beri á fjörurnar, s.s. að olía finnist á Drekasvæðinu, sæstrengur til Bretlands skili gríðarmiklum arði



Landsvirkjun

Arður í orku framtíðar

Óddný G. Harðardóttir
Þjálfari

Bryndís Hlökkversdóttir
Stjórnarformaður

Hörður Arnarson
Forstjóri

Rafnar Lárusson
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Allir velkomnir
 Skráning:
landsvirkjun.is/skraning

ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR
Silfurbergi, Hörpu
Fimmtudagur 12. apríl 2012 kl. 14–16

Aukin eftirspurn eftir raforku úr endurnýjanlegum orkugjöfum skapar margvísleg tækifæri sem Landsvirkjun hefur að undanförunum unnið við að greina. Niðurstöðurnar gefa til kynna áhugaverð tækifæri með aukinni orkuvinnslu innan núverandi kerfis, uppbyggingu fjölbreytts iðnaðar og útflutningi um sæstreng.

- > Hver er sérstaða Íslands á alþjóðlegum raforkumörkuðum?
- > Hver yrðu áhrif sæstrengs á íslenskt samfélag?
- > Hverjir eru fjármögnunarmöguleikar Landsvirkjunar við breyttar markaðsaðstæður?

Landsvirkjun býður öllum til kynningar og opinna umræðu um þau tækifæri sem fyrirtækið stendur frammi fyrir og árangur ársins 2011.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærrari og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins, sem er í eigu íslensku þjóðarinnar.

JÓNSSON & LEIMACKS • J.L. • SÍA



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. apríl 2012 | 7. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

Er prentverkið Svansmerkt?



GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Húsasmiðjan fékk ekki krónu frá FSÍ

→ Húsasmiðjan hefur fækkað starfsfólki um helming.

→ Himinhár leigukostnaður var að sliga fyrirtækið.

→ Forstjórinn segir mikil tækifæri liggja í kaupum Bygma.

Þorsteinn Már: Förum eftir reglum við skuldabréfaútgáfu

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, segir Samherja hafa farið í „einu og öllu“ eftir reglum og gjaldeyrislögum í starfsemi sinni, þar á meðal við skuldabréfakaup dótturfélags Samherja á Spáni af móðurfélaginu. Félagið keypti bréfin í lok febrúar fyrir 2,4 milljarða króna. „Við tókum þátt í útboði Seðlabankans og unnum að þessum málum með okkar viðskiptabanka, sem síðan upplýsti Seðlabankann um allar hliðar málsins,“ segir Þorsteinn Már. Hann er gestur í nýjasta þætti Klínksins, þætti um efnahagsmál og viðskipti, á viðskiptavef Vísis. Í honum fer Þorsteinn ítarlega yfir starfsemi Samherja og áhrif breytinga á stjórn fiskveiða á sjávarútveginn í heild.

- MH

Iceland Express tapaði tæpum þremur milljörðum króna

Iceland Express tapaði um 2,7 milljörðum króna í fyrra, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Félagið hefur ekki birt ársreikning sinn fyrir árið 2011. Markaðurinn greindi frá því í mars að Eignarhaldsfélagið Fengur, eigandi Iceland Express, hefði afskrifað hlutafé í Iceland Express upp á rúmlega tvo milljarða króna í lok síðasta árs.

Fengur skilaði ársreikningi sínum fyrir árið 2010 28. mars síðastliðinn. Eignir þess félags samkvæmt honum voru Iceland Express og breska flugfélagið Astraeus, sem fór í slitameðferð í fyrrahaust. Vegna hlutdeildar í afkomu dótturfélaga sinna tapaði Fengur 1,5 milljörðum króna á árinu 2010 og eignarhlutir félagsins í þeim rýrnuðu úr því að vera 3,3 milljarða króna virði í árslok 2009 í að vera 486 milljóna króna virði í lok þess árs. Í áritun endurskoðanda Fengs er vakin athygli á, án þess að gera fyrirvara við, að atburðir sem áttu sér stað eftir reikningsskil hafi valdið „því að rekstrarhæfi félagsins sé brostið nema til komi nýtt eigið fé eða skuldum verði breytt í eigið fé“. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins eru allar skuldir Fengs við Nupur Holding SA í Lúxemborg, sem á allt hlutafé þess í gegnum dótturfélagið Academy S.a.r.l. Eigandi Nupur Holding er Pálmi Haraldsson.

- ÞSJ

þarftu aukið **skipulag** á skrifstofuna?

www.optima.is



BISLEY

Mikið úrval af skjalaskápum fyrir stór sem smá fyrirtæki. Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu tilboð

Hafðu samband
S. 588 9000
Fáðu tilboð
OG ÞÚ SPARAR!

STOFNAD 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optima er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa


Mánaðarleg raforkunotkun og álframleiðsla

Frá árinu 2002 til 2012 hefur mánaðarleg framleiðsla á áli í tonnum mælt aukist um tæp 200% en á sama tímabili hefur stórnótun raforku í gígavattstundum aukist um 155%. Með stækkun álvera og tilkomu Alco Reyðaráls árið 2007 jókst framleiðsla á áli verulega og eins raforkunotkun til stóriðju. Á myndinni sést að framleiðsla á áli í tonnum hefur aukist umfram raforkunotkun til stórnótenda.

Almenn raforkunotkun er ástíðabundin eins og myndin sýnir. Mest er notkunin í desember og janúar ár hvert en minnst yfir sumartímann. Frá árinu 2002 til 2012 hefur almenn notkun í gígavattstundum aukist mánaðarlega um 30%. Gróflega áætlað nota vélasalir Google um 400 gígavattstundir á ári sem samsvarar til mánaðarnotkunar í almennri notkun á Íslandi.

* Almenn raforkunotkun: Sá sem kaupir raforku til eigin nota, en er ekki stórnótandi.


* Stórnótun: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma í 8000 stundir eða meira.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

SKOÐA NÁÑAR: <http://data.is/HESEcs>

Fjöldi nýskráðra bíla eftir mánuðum



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

SKOÐA NÁÑAR: <http://data.is/lnqy69>

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 11. APRÍL

- Talningar úr Þjóðskrá
- Efnahagur Seðlabankans - hagtölur Sí
- Markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins
- Íslenski raforkumarkaðurinn - málþing fyrri hluti

FIMMTUDAGUR 12. APRÍL

- Erlend staða Seðlabankans - hagtölur Sí
- Ársfundur VIRK starfsendurhæfingarsjóðs
- Íslenski raforkumarkaðurinn - málþing seinni hluti
- Útboð ríkisvixla
- Ársfundur Landsvirkjunar

FÖSTUDAGUR 13. APRÍL

- Trúfélagsbreytingar
- Fiskafli í mars 2012 - Hagstofan
- Greiðslumiðlun - hagtölur Sí
- Smásöluvísitala RSV
- Útboð ríkisbréfa
- Evrópufundaröð Alþjóðamálastofnunar

MÁNUDAGUR 16. APRÍL

- Tryggingafélög - hagtölur Sí

ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL

- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Atvinnuleysi í mars 2012
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir - hagtölur Sí

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á VÍSIR



FASTEIGNIR Meiri hluti nýrra lántakenda fasteignalána hjá viðskiptabönkunum hefur tekið óverðtryggð lán síðustu misseri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stýrivextirnir bíta á óverðtryggðu lánin

Viðskiptabankarnir hafa allir hækkað vexti óverðtryggðra lána í kjölfar stýrivaxta-hækkunar í mars. Tveir bankar hafa hækkað vexti óverðtryggðra lána með föstum vöxtum í nokkur ár og sá þriðji mun líklega brátt gera það sama.

FRÉTTASKÝRING

Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Viðskiptabankarnir fjórir hafa allir hækkað vexti á óverðtryggðum fasteignalánunum sínum nýverið í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabankans í mars. Allir hafa bankarnir hækkað vexti á lánunum með breytilegum vöxtum og þá hafa Arion banki og Landsbankinn einnig hækkað vexti á lánunum með fasta vexti fyrstu ár láns-tímans. Íslandsbanki mun líklega gera það sama á næstunni. Óverðtryggð fasteignalán hafa aðeins staðið neytendum til boða um skamma hríð en þau hafa notið talsverðra vinsælda frá því að bankarnir hófu fyrst að bjóða upp á valkostinn í haust. Ólíkt því sem lántakendur verðtryggðra lána eiga að venjast er þess að vænta að vextir á óverðtryggðu lánunum, og þar með greiðslubyrði þeirra, sveiflist nokkuð á tímabilinu.

Í svari Kristján Kristjánssonar, upplýsingafulltrúa Landsbankans, við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að ákvörðun bankans um að hækka vexti um síðustu mánaðamót hafi verið tekin með hliðsjón af 0,25 prósentustiga hækkun Seðlabankans á stýrivöxtum í mars. Þá líti bankinn til fleiri þátta við vaxtaákvörðunir sínar, þar á meðal þróunar langtímvaxta á markaði.

Í sama streng tekur Haraldur Guðni Eiddsson hjá Arion banka. „Ástæðan er fyrst og fremst sú að vextir hafa farið hækkanði í landinu sem og verðbólga. Ekki

VEXTIR ÓVERÐTRYGGÐRA FASTEIGNALÁNA BANKANNA

Banki	Lán með breytilegum vöxtum	Lán með föstum vöxtum
Arion banki	-	6,95% en voru 6,45%
Íslandsbanki	5,65% en voru 5,40%	6,20% í 3 ár - óbreyttir en líklegir til að hækka
Landsbanki	6,15% en voru 5,90%	6,65 í 3 ár og 6,85% í 5 ár - voru 6,40% og 6,60%
MP banki	5,65% en voru 5,40%	-

varð hjá því komist að endurspegla þá þróun í þessum kjörum. En rétt er að taka fram að þetta á aðeins við um ný lán, það er, þegar tekin lán eru áfram með fasta 6,45% vexti,” segir Haraldur Guðni.

Þá má samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka búast við því að vextir á óverðtryggðum fastvaxtalánunum bankans verði hækkaðir á næstu vikum í ljósi hækkanði vaxtastigs á markaði.

Viðskiptabankarnir fjórir, Arion banki, Íslandsbanki, Landsbanki og MP banki, hófu allir að bjóða óverðtryggð fasteignalán á síðasta ári. Allir nema Arion banki bjóða upp á óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum en auk þess bjóða allir nema MP banki upp á óverðtryggð lán með föstum vöxtum fyrstu ár láns-tímans, ýmist í þrjú eða fimm ár, og endurskoðunarákvæði í lok þess tíma.

Frá því að bankarnir hófu að bjóða óverðtryggð fasteignalán hefur meirihluti og jafnvel mikill meirihluti lántakenda kosið að taka óverðtryggð lán. Óverðtryggðu fastvaxtalánin hafa verið vinsælust en nokkur fjöldi hefur fremur kosið óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum.

Íbúðalánasjóður býður enn sem komið er ekki upp á óverðtryggð lán en áformar að hefja

slíkar lánveitingar á síðari hluta þessa árs.

Fréttablaðið birti þann 20. mars síðastliðinn fréttaskýringu um óverðtryggð fasteignalán þar sem rætt var við Jón Finnþórgason, aðstoðarframkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs hjá Íslandsbanka. Jón lagði áherslu á að enginn einn valkostur væri bestur þegar tegund af íbúðaláni væri valin. Til margs þyrfti að líta og val hvers og eins réðist af þölgæði gagnvart áhættu, væntingum um þróun verðbólgu og vaxta og svo framvegis.

Þá kom fram í fréttaskýringunni að stilla mætti upp samanburði á verðtryggðum og óverðtryggðum fasteignalánunum á eftirfarandi hátt. Þeir sem taka óverðtryggð lán þurfa að greiða nokkru meira á mánuði og taka á sig meiri áhættu vegna vaxtaþróunar en á móti lækkar höfuðstóll lánsins jafnt og þétt og áhætta vegna þróunar verðbólgu er minni. Þeir sem hins vegar taka verðtryggð lán greiða nokkru minna á mánuði og þurfa ekki að hafa áhyggjur af þróun vaxta. Þeir þurfa á móti að sætta sig við mun hægari eignamyndun og áhættu vegna þróunar verðbólgu. Það ber að taka fram að nokkur tengsl eru á milli þróunar vaxta og verðbólgu.

FRÉTTIR VIDSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT
Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSIVÍSIR
- oft á dag

Hentugt rekstrarumhverfi

TIL LEIGU

Dalshraun
220 Hafnarfirði




- Glæsilegt skrifstofu- og þjónustuhúsnæði til leigu á frábærum stað
- Fyrsta flokks vinnurými
- Fjölmargir möguleikar á stærð leiguhúsnæðis (450 m² til 1150 m²) í opnum eða lokuðum rýmum

TIL LEIGU

Holtagarðar
104 Reykjavík



- Vandað skrifstofu- og verslunarrými í Holtagörðum
- 500 m² skrifstofuhæð; skrifstofuherbergi, fundarherbergi og opin vinnurými. Möguleiki á aðgengi að mötuneyti
- Verslunarrými á 2. hæð, 200–800 m², frábær staðsetning



- Vandað 1380 m² skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. Möguleiki á minni einingum
- Opin vinnurými, skrifstofur, fundarherbergi og kaffiástaða
- Lagerhúsnæði laust á sama stað, aðgangur að mötuneyti

TIL LEIGU

Hólmaslóð
101 Reykjavík



www.reitir.is

REITIR

Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.

Búin að vera rússíbana

Húsasmiðjan hefur gengið í gegnum mikinn ólgusjó á síðustu árum. Fyrirtækið hefur farið frá því að vera rótgróið fjölskyldufyrirtæki, stofnað árið 1956, í að vera orðið formlegur hluti af dönsku byggingavöruekjunni Bygma. Í millitíðinni gekk það í gegnum tvær skuldsettar yfirtökur sem skiluðu því undir yfirráð banka.

VIÐTAL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Sigurður Arnar Sigurðsson, sem hefur verið forstjóri Húsasmiðjunnar frá því snemma árs 2010, segir síðustu ár hafa verið rússíbanareid. „Þegar ég var kallaður að þessu verkefni í ársbyrjun 2010 taldi ég að það myndi líklega taka um þrjú ár að reisa rekstur Húsasmiðjunnar við. Velta félagsins hafði minnkað um 37% og við sáum að reksturinn var ekki að standa undir þeim samdrætti. Við stjórnendur fyrirtækisins réðumst því í að gera miklar breytingar á rekstrinum. Það fyrsta sem við gerðum var að ráðast í mjög stóra markaðskönnun til að kanna hvað það væri sem fólki líkaði við okkar vörumerki og hvað ekki. Við bjuggum síðan til áætlun út frá þeim niðurstöðum. Á sama tíma var ljóst að það þurfti að skera mikið niður.“

Yfirtökur juku skuldir

Skuldir Húsasmiðjunnar hækkuðu mikið síðustu árin fyrir hrun, að mestu leyti vegna skuldsettra yfirtakna á fyrirtækinu. Eftir að Húsasmiðjan lenti í eigu kröfuhafa sinna var alls 11,2 milljörðum króna breytt í nýtt hlutafé. Sigurður segir að kostnaðarlega séð hafi rekstur fyrirtækisins verið allt of þungur. „Húsasmiðjan fer í gegnum tvær skuldsettar yfirtökur á árunum 2004 og 2005. Þær gerðu það að verkum að skuldir fyrirtækisins margfölduðust. Mér telst til að skuldir í árslok 2003 hafi verið rétt um 550 milljónir króna. Í árslok 2004 voru þær komnar upp í fimm milljarða króna. Í árslok 2005 voru þær komnar upp í 7,7 milljarða króna. Þetta eru skuldir sem eru tilkomnar út af þessum yfirtökum og höfðu lítið með rekstur eða starfsfólk Húsasmiðjunnar að gera. Þegar gengið hrundi síðan í efna-hagshruninu þá uxu þessar skuldir enn meira og fyrirtækið lenti í þeirri stöðu að vera komið með óviðráðanlega skuldastöðu.“

Himinhár leigukostnaður

Samhliða hækkingu skulda hrundi byggingavörumarkaðurinn og fastur kostnaður á borð við leigu, sem var að hluta tengd gengi erlendra gjaldmiðla, rauk upp. Þetta leiddi til þess að Húsasmiðjan tapaði alls 1,3 milljörðum króna frá byrjun árs 2009 og fram á rúmt mitt ár 2011. Að sögn Sigurðar þurfti að skera niður á öllum sviðum til að snúa þessari þróun við. „Frá árinu 2008 höfum við fækkað starfsfólki um tæplega 50% og að auki hafa starfsmenn tekið á sig launalækkun. Við höfum velt við öllum steinum til að lækka hjá okkur kostnað. Við reyndum að skera niður breytilega kostnaðinn eins og við mögulega gátum og réðumst síðan markvisst á fasta kostnaðinn. Stærsti hluti hans var leigukostnaður, sem var algjörlega að sliga fyrirtækið.“

Áætlaður leigukostnaður Húsasmiðjunnar á árinu 2011 var rúmlega milljarður króna, sem var um 8% af veltu fyrirtækisins. Til að átta sig á því hversu mikið leigukostnaðurinn hafði hækkað sem hlutfall af veltu þá var hann um 4% árið 2007. Sigurður segir að nánast útilokað sé að reka smásöluvirkni með svona háum leigukostnaði. „Við höfum ráðist í það í tveimur lotum að endursejja við alla okkar leigusala og fá þá að borðinu til að gera fyrirtækið rekstrarhæft. Við teljum okkur vera komna með viðunandi stöðu eftir þær samningslotur.“

Bygma keypti

Bygma gekk frá kaupum á Húsasmiðjunni í desember 2011. Kaupverðið var um 800 milljónir króna auk þess sem keðjan tók yfir um 2,5 milljarða króna skuld. Í kjölfarið var stofnað nýtt félag utan um rekstur, skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins.

Húsasmiðjan varð síðan formlega hluti af



FORSTJÓRINN „Húsasmiðjan fer í gegnum tvær skuldsettar yfirtökur á árunum 2004 og 2005. Þær gerðu það að verkum að skuldir fyrirtækisins margfölduðust. Mér telst til að voru þær komnar upp í fimm milljarða króna. Í árslok 2005 voru þær komnar upp í 7,7 milljarða króna. Þetta eru skuldir sem eru tilkomnar út af þessum yfirtökum og höfðu lítið með rekstur eða starfsfólk Húsasmiðjunnar að gera.“

PURFTUM AÐ TAKA MÁLIN ÚT FYRIR SVIGA

Þegar langt var liðið á söluferli Húsasmiðjunnar, og farið var að glitta í samkomulag við Bygma, hljóp snurða á þráðinn. Ríkisskattstjóri tilkynnti fyrirtækinu að það skuldaði yfir 700 milljónir króna í skatta sem rekja mátti aftur til þeirra skuldsettra yfirtakna sem fyrrum eigendur Húsasmiðjunnar höfðu ráðist í. Vaxtagjöld þessara lána höfðu verið dregin frá tekjum og því ekki verið hluti af skattstofni. Þetta taldi embætti Ríkisskattstjóra að væri ekki löglegt. Sigurður segir þetta hafa sett söluferlið í mikið uppnám og hafa verið gríðarlega erfitt. „Það kom bréf frá Ríkisskattstjóra rétt fyrir síðustu áramót til okkar eins og margra annarra fyrirtækja þar sem verið var að setja fram túlkun sem gekk þvert á ráðleggingar sérfræðinga. Við fengum í kjölfarið sendan reikning upp á rúmar 700 milljónir króna. Það er alveg ljóst að þetta setti mjög mikið strík í reikninginn í öllu söluferlinu og setti kaupendur í óvissu. Svona mál eru þess eðlis að það þarf að kæra úrskurðinn og það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu. Það frestar samt ekki greiðsluskýldunni heldur þarf að borga strax. Því var eina leiðin fyrir okkur að taka þetta mál í raun út fyrir sviga.“

Með því að taka málið út fyrir sviga var ákveðið að setja rekstur Húsasmiðjunnar á nýja kennitölu en láta söluandvirði fyrirtækisins sitja eftir á þeirri gömlu til að mæta skattaskuldinni. Að sögn Sigurðar stóð aldrei til að skipta um kennitölu fyrr en bréf Ríkisskattstjóra barst. „Áætlunin snerist alltaf um að selja fyrirtækið eins og það var en vegna þessarar óvissu sem kom upp var ákveðið að fara þessa leið.“

Vorið 2011 réðst Samkeppniseftirlitið í margháttaðar aðgerðir, meðal annars húsleit og símhleranir, vegna gruns um að Húsasmiðjan og tveir samkeppnisaðilar hennar hefðu gerst sek um samkeppnislagabrot. Sigurður segir málið enn í skoðun hjá eftirlitinu og beðið sé niðurstöðu þess.

„Við töldum okkar vera búna að taka mjög vel á okkar verkferlum strax og ég kom að fyrirtækinu og teljum að okkar hlutur í þessu máli sé minni en efni og umfang sagði til um í upphafi. Menn reiddu hátt til höggs. Eins og þetta snýr að okkur þá teljum við að þetta snúist fyrst og fremst um framkvæmd verðkannana sem við höfum gert hjá okkar samkeppnisaðilum. En við tókum það að sjálfsgöðu mjög alvarlega þegar húsleit átti sér stað og hertum enn frekar á framkvæmd þessara kannana þannig að við teljum okkur vera að vinna í samræmi við lög og reglur og höfum alltaf lagt áherslu á það.“

Hann segir bæði þessi mál, rannsókn Samkeppniseftirlitsins og endurálagningu Ríkisskattstjóra, eðlilega vera óþægileg fyrir fyrirtæki sem er að reyna að skapa sér nýtt upphaf. „Auðvitað er þetta óþægilegt. En það er búið að taka frá peninga til að greiða skattaskuldina og sektir ef einhverjar verða. Það er búið að fara í gegnum alla vinnuferla og við teljum okkur vera að vinna að fullu í samræmi við lög og reglur. Við verðum bara að klára þessi fortíðarmál, horfa fram á veginn og einbeita okkur að því að takast á við þá samkeppni sem er fram undan á markaðinum.“



FORMLEGT Húsasmiðjan varð formlega hluti af Bygma í lok mars síðastliðins. Hún er nú í eigu Peter Christiansen, eigandi og stjórnarformaður Bygma, við hliðina sína Sigurður Arnar Sigurðsson.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



MUNIÐ HJÁLMINN

Nú er að hefjast reiðhjólátímabil hjá börnum og unglingum. Mikilvægt er að nota hjálm og að hann sé prófaður af viðurkenndri stofnun og merktur með CE-merki. Hann skal vera léttur og með loftopum og hafa stillanlegt hökuband og spennu sem auðvelt er að opna og loka.



Hugsaðu vel um fæturna

Í hálfra öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsuþótar. Hvað um þig?

Teg: „Annapolis“ Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi. Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900,-

Misty skor
Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070

Opið mán.-fös. 10-18.

Lokað á laugard. 7. apríl



HAGFRÆÐINGUR OG FERÐAFUGL

DRAUMASTARFIÐ Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers, sameinar áhugamálin í vinnunni.

Það er frábært að geta sameinað hagfræðina og reynsluna úr fjármálageiranum við ævintýrin úr ferðaheiminum,“ segir Björk Kristjánsdóttir, en hún hafði leitt hópa ferðafólks upp jökla og niður ár, verið í björgunarsveit, útskrifast sem hagfræðingur og starfað sem þjónustufulltrúi á fyrirtækisviði í banka, þegar hún var fengin til að hjálpa til við undirbúning nýs gistiheimilis á Laugaveginum fyrir þremur árum.

„Ég varð atvinnulaus eftir bankahrundið og var fengin til að hjálpa til í bókhaldinu. Hlutirnir undu upp á sig og þegar við opnuðum Reykjavík Backpackers í júní 2009 varð ég framkvæmdastjóri fyrirtækisins,“ segir Björk og finnst ekki erfitt að vera bundin við skrifborðið.

„Nei, ég var búin að vera dugleg að ganga á fjöll og ferðast bæði innanlands og utan. Svo fótbrotnaði ég í fjallgöngu árið 2009 og þurfti að vera þrjá mánuði í gísi hvort sem var. Svo varð ég ólétt og eignaðist strák sem er rúmlega eins árs

í dag en nú er á áætlun að ganga mig í form aftur. Annars er bara svo æðislega gaman í vinnunni að ég hef engan tíma haft til að velja því fyrir mér hvort ég sé að missa af einhverju,“ segir Björk hlæjandi en Reykjavík Backpackers hefur vaxið hratt og breyst frá því að vera eingöngu gistiheimili, í ferðaskrifstofu, upplýsingamiðstöð og bar.

„Við eigum núna allt húsið og opnuðum hér á síðasta ári Tourist Info og barinn. Við seljum líka ferðir héðan um allt land og til Grænlands og höfum nóg að gera. Ferðamanntraffíkin í ár er þegar komin á skrið eftir veturinn og hefur þést síðustu vikurnar. Það er frábært að komið sé svona mikið líf í ferðaþjónustuna þetta snemma,“ segir Björk enda sé landið gott heim að sækja á þessum tíma.

„Þetta er góður tími til jökla- og fjallaferða. Eftir því sem ég sjálf ferðast meira til útlanda, þeim mun æðislegra finnst mér Ísland, sérstaklega á vorin og sumrin. Þá tími er ekki að fara neitt annað.“

GAMAN Í VINNUNNI

Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers, segir vorið góðan tíma til að ferðast um Ísland.

MYND/GVA

W White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Tostada Rucola:
Tortilla, kjúklingur, sterk/mild sósa, ferskurhnetur, rjómasósur, ostur, sólfarnir, rúsmjólk og rucola. Aðeins 332 kcal.

Tostada 1.390

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

Mjúka fermingargjöfin

25 frábær fermingartilboð
sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Nýtt námskeið hefst 16. apríl!

Vornámskeið hjá DANSSTUDIO JSB

Skráning er hafin í síma 581 3730 og á jsb@jsb.is

DANSpúl 20+

Langar þig að dansa og koma þér í gott líkamlegt form?

Framundan er fjölbreytt og skemmitlegt 6 vikna dans og púl námskeið fyrir 20 ára og eldri. Áhersla á alhliða líkamspjálfun, samhæfingu, jazzdans og dansgleði.

Tímabil: 16. apríl – 23. maí

Tímar á mánudögum kl. 19:40 og miðvikudögum kl. 20:20

Kennarar: Arna Sif Gunnarsdóttir og Una Björg Bjarnadóttir.

Verð 16.500 kr.

Frír aðgangur að tækjasal JSB meðan á námskeiði stendur



DANSLISTARSKÓLI

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



SVEITASÆLA

Í Vigur í Ísafjarðardjúpi var hjólastólunum komið fyrir uppi á gömlum heyvagni og ferðalöngunum ekið um eyjuna í traktor.

MYND/REYNIR KRISTÓFERSSON

ALLIR VEGIR FÆRIR

FERÐAGLEÐI Ferðaklúbburinn Flækjufótur fer ótroðnar slóðir með ferðalanga sem þrá að ferðast um heiminn en komast ekki um hann hjálparlaust.

Upplifunin er frábær og allir alsælir og ánægðir á flækingsfætinum,“ segir Sigríður Kristinsdóttir, eigandi Ferðaklúbbsins Flækjufótar, sem hún stofnaði í félagi við vinkonu sína, Helgu Jóhannsdóttur, sumarið 1994. Ferðaklúbburinn hefur að markmiði að ferðast með hreyfihamlaða.

Sigríður á hreyfihamlaðan son og segist upphaflega hafa kynnst ferðaglöðum og fötl-uðum einstaklingum í gegnum hann.

„Þá uppgötvaði ég að þrátt fyrir mikinn ferðahug einstaklinga sem bundnir eru við hjólastól höfðu þeir nánast enga möguleika til hópferða, hvorki hér innanlands né utan. Ég vildi því gefa þeim raunhæfan kost á að ferðast um land sitt og út fyrir landsteinana saman,“ segir Sigríður.

Fyrsta ferð Flækjufótar var farin norður Kjöl og til Egilsstaða 1994, en í þá ferð fóru fimmtán manns í hjólastólum. Þeir voru teknir úr stólum sínum og bornir inn í rútna, en hjólastólarnir settir í kerru.

„Í kjölfarið kynntist ég rútbílstjóra sem var til í að setja lyftu í rútna sína og það breytti öllu fyrir þá hreyfihömluðu sem gátu loks ferðast um landið í hjólastólum sínum,“ segir Sigríður.

Ferðaklúbburinn Flækjufótur hefur frá stofnun farið árið á flæking með hreyfihamlaða og stundum tvær til þrjár ferðir á ári.

„Frá fyrstu tíð höfum við ferðast með fullan bíl og farið ótroðnar slóðir. Þar má telja ferðir upp á Látrabjarg, inn að Öskju, í Kverkfjöll, upp á jökla og yfir Sprengisand. Hvarvetna höfum við mætt mikilli velvild og einstökum móttökum þar sem allt hefur verið lagað að þörfum fatlaðra eins og hægt hefur verið á stuttum tíma.“

Á nýliðnum árum hefur Flækjufótur aðallega flækst til útlanda. Farið var með Norrænu og öll Norðurlöndin heimsótt, og einnig farið til Færeyja, Þýskalands og Ítalíu. Í september stendur til að fara til Týról í Austurríki og skoða Alpna eftir því sem hægt er að komast með hjólastóla í kláfum.

„Við ætlum í sannkallaða alparósaferð og eigum enn fáein laus sæti. Í ferðirnar fara að lágmarki 25 manns og að hámarki 35, því einstaklingar í hjólastól þurfa aðstoðarmann með sér. Allt er það unnið í sjálfböðavinnu enda meiri háttar gefandi og gaman að geta látið draumana rætast,“ segir Sigríður.

Ferðaklúbburinn Flækjufótur er á Facebook undir Flækjufótur Ferðaklúbbur. Hafa má samband við Sigríði í síma 898 2468.



HUGSJÓNAKONA

Sigríður Kristinsdóttir er eigandi Ferðaklúbbsins Flækjufótar. Öllum er velkomið að ferðast með klúbbnum.

MYND/VALLI



LÁTRABJARG

Mikil upplifun var fyrir ferðafólkið að kynna hrikalegri náttúrunni og fuglalífínu í Látrabjargi.

MYND/REYNIR KRISTÓFERSSON

ÆVINTÝRI

„Ég vildi gefa hreyfihömluðum raunhæfan kost á að ferðast um landið sitt og út fyrir landsteinana saman.“



Mósel

Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum



Þú velur

- GERD (yfir 90 mismunandi útfærslur)
- STÆRD (engin takmörk)
- ÁKLÆÐI (yfir 2000 tegundir)

Basel



og draumasófinn þinn er klár

30% afsláttur af völdum sófum

Patti HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík | Sími: 557 9510 | Netfang: patti@patti.is | vefsíða: patti.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s 512 5432

SUMARDEKK

MÍÐVIKUDAGUR 11. APRÍL 2012

Kynningarblað Söluaðilar, umboðsaðilar og verkstæði.

VAKA

Á VERÐI FYRIR ÞIG

Skútuvogi 8 og
Smiðjuvegi 28

Bókaðu tíma á
vakahf.is

Opið á
laugardögum
frá kl. 10-14.



Dekkjaþjónusta



Bifreiðaverkstæði



Varahlutir



Bifreiðaflutningar

OPIÐ:

Virka daga 8.00-18.00 og laugard. 10.00-14.00

Skútuvogi 8, 104 Reykjavík og
Smiðjuvegi 28, 200 Kópavogi

S. 567 6700 / vakahf@vakahf.is / www.vakahf.is



Rúnar Grétarsson, framkvæmdastjóri Vöku, og Steinar Már Gunnsteinsson, deildarstjóri dekkjasviðs, með góð og notuð sumardekk á milli sín.

MYND/VALLI

Notuð sumardekk – góður kostur

Hjá Vöku er hægt að komast hjá miklum útgjöldum með kaupum á notuðum sumardekkjum. Bestu dekkjin rjúka út með ört hækkandi sumarsól og í Vöku gildir hið margkveðna að fyrstir koma, fyrstir fá. Vaka selur einnig ný sumardekk á góðu verði.

Nú þegar er allt vitlaust að gera, enda vita fastir viðskiptavinir Vöku að það margborgar sig að vera snemma á ferðinni til að tryggja sér bestu notuðu sumardekkjin,“ segir Rúnar Grétarsson, framkvæmdastjóri Vöku, en þar er hægt að gera verulega góð kaup á notuðum sumardekkjum fyrir allar tegundir bíla.

„Margir bíleigendur fjárfesta í splunkunýjum vetrardekkjum að hausti til og reyna að spara sér sumardekkjakaup að vori með því að keyra áfram á vetrardekkjunum. Það er hins vegar afleitur sparnaður því vetrardekk slitna mjög hratt yfir sumartímann og súrt að sjá góð vetrardekk slitna úr hófi fram og rýra endingu sína fyrir næsta vetur,“ segir Rúnar.

Steinar Már Gunnsteinsson, deildarstjóri dekkjasviðs Vöku, segir heilsársdekk ekki alltaf góðan kost héraendis.

„Íslensk veðráttá og ástand vega

sveiflast mjög á milli árstíða. Því henta sömu dekk engan veginn árið um kring, og af og frá að þau standi sig jafn vel í fimmtán stiga frosti um hávetur og í tuttugu stiga hita á góðum sumardegi,“ útskýrir Steinar og bætir við: „Fínskorin vetrardekk slitna einfaldlega mun hraðar og hafa ekki sömu eiginleika og sumardekk fyrir íslenskan sumarastur.“

Rúnar bendir á að notuð sumardekk séu sérlega vænn kostur fyrir þá sem ætla sér ekki að eiga bílinn sinn lengi.

„Notuð sumardekk eru búbót fyrir alla bíleigendur. Sem dæmi kostar algeng stærð á notuðu dekki 5.900 krónur, en í samanburði kostar nýtt dekk af ódýrri gerð um 13 þúsund krónur. Því getur munað um helmingi á verði í sumum tilvikum,“ útskýrir Rúnar.

Að sögn Steinars er mest um hálfslitin dekk í góðu ásigkomulagi hjá Vöku en einnig lítið slitin

dekk og dýra merkjavöru eins og dekk frá Continental og Michelin, sem geta verið allt að fimmfalt dýrari ný út úr búð.

„Eðlilega seljast bestu sumardekkjin hratt og vinsælustu stærðirnar klárast vanalega um mánaðamótin apríl/máí. Við reynum þó alltaf að eiga nokkra umganga af algengustu stærðum yfir sumartímann,“ segir Steinar.

Vaka rekur bifreiðaverkstæði og alhliða dekkjaþjónustu fyrir allar tegundir bíla. Ásamt úrvali notaðra dekkja má einnig finna fjölbreytt úrval nýrra dekkja á afar hagstæðu verði.

„Til að lágmarka biðtíma er best að panta tíma á www.vakahf.is eða í síma 567 6700, en einnig geta menn komið a staðinn og skoðað úrvalið. Við finnum hagstæðustu lausnina sem til er á þeim tíma,“ segir Rúnar.

Vaka hf. er í Skútuvogi 8 í Reykjavík og á Smiðjuvegi 28 í Kópavogi. Sími 567 6700. Sjá nánar á www.vakahf.is.

NOTAÐ OG NÝTT HJÁ VÖKU

Vaka rekur dekkjaverkstæði og hjólbarðasölu á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu: í Skútuvogi 8 í Reykjavík og á Smiðjuvegi 28 í Kópavogi. Á báðum stöðum er ríkulegt úrval dekkja í öllum gæðaflokkum.

„Það vita ekki allir af Vöku í Kópavogi, en hún er á einkar góðum stað og sker sig aðeins úr í götunni neðan við Bónus og Byko,“ segir Róbert Hannesson, verkstæðisstjóri hjá Vöku á Smiðjuveginum.

Róbert rak um árabíl verkstæðið Hjólakó á Smiðjuvegi 26, en fyrirtækin sameinuðust undir merki Vöku árið 2010.

„Hjá Vöku í Kópavogi er aðeins meiri áhersla á dýrari



Róbert Hannesson er verkstæðisstjóri hjá Vöku í Kópavogi.

vörumerki í nýjum dekkjum, en við mætum í raun óskum viðskiptavina um hvað sem er. Margir biðja um eitthvað alveg sérstakt undir bíla sína og því mikið um sérpantanir, og ávallt stuttur afhendingartími og afbragðs þjónusta,“ segir Róbert.

Hjá Vöku á Smiðjuvegi er einnig boðið upp á þvott og bón, og rekið dekkjahótel þar sem viðskiptavinir geta geymt dekkjaumganga sína á milli árstíða.

„Seinna á árinu stendur svo til að auka enn þjónustuna og bjóða upp á einfaldar bifreiðaverkstæði á Smiðjuveginum,“ upplýsir Róbert.

Tímarpantanir hjá Vöku má gera á www.vakahf.is og í síma 567 6700.



Valdimar að yfirfara gæði dekkja og taka myndir fyrir heimasíðuna www.dekkjasalan.is

MYND/STEFAN

Fyrsta skrefið er hjá Dekkjasölnunni

Dekkjasalan í Hafnarfirði er eina umboðssalan hérlandis með notuð dekk og felgur.

Í gegnum tíðina hefur mikið magn af dekkjum og felgum safnast saman hjá fólki í geymslum og bílskúrum um allt land. Síðustu tvö árin hefur Dekkjasalan starfrækt umboðssölu þar sem fólk getur komið með dekkinn og felgurnar, gert umboðssölusamning og starfsmenn sjá um sölu. Andvirði vörunnar er svo lagt inn á reikning söluaðilans að frádregnum sölu- launum. Valdimar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Dekkjasölnunnar, segir þetta fyrirkomulag spara mikinn tíma og vinnu fyrir bæði seljendur og kaupendur. „Um leið aukast líkur á að vörurnar seljist og segja má að kaupendur séu mun betur tryggðir fyrir því að fá þær vörur í hendurnar sem þeir leita að, þegar horft er til gæða og verðs.“

yfirfarið er hvort þær séu skakkar eða á þeim aðrir áverkar sem gera þær ósöluhæfar. Þegar þessu ferli er lokið eru teknar myndir af vör- unni og hún sett inn á heimasíðu fyrirtækisins, www.dekkjasalan.is. Þar er hægt að skoða allar vörur og nánari lýsingar á þeim, til dæmis gerð, tegund, verð, dýpt munsturs og fleira.

Vefurinn í stöðugri uppfærslu

Valdimar segir mörg dæmi um að nýleg og góð vara sé í umboðssölu hjá þeim á mjög hagstæðu verði. Fyrsta skrefið við hagkvæm dekkja- kaup ætti því að vera að setja sig í samband við Dekkjasölnuna. Fyrirtækið býður einnig upp á ný dekk í flestum stærðum og gerðum á samkeppnishæfu verði. Heima- síða Dekkjasölnunnar er uppfærð reglulega með nýjum vörum. Það þýðir að á hverjum morgni eru allar vörur til hjá Dekkjasölnunni sem eru auglýstar á heimasíðunni. Vöru- hús Dekkjasölnunnar er að Dals- hrauni 16 í Hafnarfirði og er opið frá kl. 8.00-18.00 virka daga og frá 10.00-16.00 á laugardögum. Síminn er 587-3757. Einnig er hægt að hafa samband gegnum tölvupóst á netfanginu dekkjasalan@dekkja- salan.is.

Allar vörur yfirfarnar

Hann segir starfsmenn Dekkjasölnunnar leggja mikla áherslu á að fara vel yfir þær vörur sem berast í hús og að hafa allar lýsingar á heima- síðunni réttar. „Þannig sjáum við til þess að varan standist væntingar, sé örugg og í lagi,“ segir Valdimar. Hann segir allar felgur yfirfarnar og dekkinn líka og þau mæld og verðlögð í samræmi við gæði. Felgurnar eru allar settar á vél þar sem

Dekkjasalan er umboðssala fyrir notuð dekk. Þú kemur með dekkinn til okkar og við seljum þau fyrir þig

MIKIL EFTIRSPURN!

DEKKJASALAN

Dalshrauni 16 • Hafnarfirði

www.dekkjasalan.is

587 3757



Dekk í sögulegu ljósi

Allt frá því að hjólið var fundið upp fyrir um það bil 5.500 árum hefur það smátt og smátt orðið ómissandi. Við notum það daglega án þess að velja því fyrir okkur hversu mikið notagildi það hefur. Nútímadekkið utan um hjólið gerir það töluvert þægilegra en áður að ferðast um á farartæki en það virkar sem stuðpúði milli yfirborðs og farartækis.

Nútímadekk

Fyrstu hjólin sem notuð voru undir nútíma- farartæki voru úr timbri. Slík hjól höfðu ekki mikla endingu svo að fundin var upp aðferð þar sem stálplata var hituð og formuð utan um hjólið. Þannig jókst endingin til muna en óþægindin sem fylgdu hörðum dekkjunum urðu ekkert minni. Ýmsar tilraunir voru gerðar til endurbóta, meðal annars með gúmmi og

leðri. Öll þau óþægindi sem fylgdu hörðum hjólum hröktu menn til þess að finna upp betri leið til að gera ferðina þægilegri og úr varð fyrsta uppblásna gúmmidekkið.

1844

Charles Goodyear fann upp aðferð til að búa til endingarbeta og sterkara gúmmi en áður hafði verið til. Með því að bræða saman brennistein og gúmmi jókst styrkur þess og ending. Áður höfðu gúmmidekk verið notuð en ending þeirra var í engri líkingu við uppfinningu Goodyear. Þau voru lin í hita og hörð í kulda og endingin léleg.

1846

Robert William Thomson fann upp fyrsta uppblásna dekkið sem dró úr högginu við akstur á holóttum og hörðum vegum. Hann átti þó í erfiðleikum með að verða sér úti um þunnt gúmmi og einbeitti sér því að framleiðslu óloftfylltra dekkja.

1880

Það var ekki fyrr en 44 árum eftir að Robert William Thomson hafði fundið upp loftfyllta dekkið en hætt svo við að það sneri aftur. Nú var það John Boyd Dunlop sem kom fram með þessa uppfinningu þegar hann reyndi að koma í veg fyrir höfuð- verk sem sonur hans fékk af því að hjóla á hörðum dekkjum um holótta vegi. Þannig hófst

önnur tilraun með uppblásin dekk og árið 1888 fékk Dunlop einkaleyfi. Tveimur árum síðar var hann sviptur því sökum fyrri uppfinningar Thomsons.

1891

Michelin-bræðurnir finna upp loftfyllt dekk sem er hægt að fjarlægja. Þrjú tímár fóru í að skipta um álimt dekk á reiðhjóli auk þess sem hjólið þurfti að bíða yfir nótt þar til límið þornaði. Það varð hvatinn að þessari uppfinningu sem markaði tímamót í notagildi dekkjanna.

1895

Michelin-bræðurnir kynna til sögunnar fyrstu loftfylltu dekkinn fyrir bíla. André Michelin notar þau í Paris-Bordeaux-Paris- rallyinu.



Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólksbíl 5490.- Umfelgun á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólksbíl 4900.- Umfelgun á smájeppa 5900.-



Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Útsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen, ivarorn@365.is, s. 512-5429

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

RÓLA Í GARÐINN

Slitinn hjólbarði getur nýst til ýmiss konar hluta þó að hann hafi tapað veggripinu. Til dæmis má binda í hann kaðal og hengja hann upp í tré og útbúa þannig einfalda rólu. Þá þekktist að nota gamla hjólbarða fyrir blómaker í garðinum eða undir matjurtirnar og stór vinnu- og dráttarvéladekk eru ágætis sandkassar fyrir börn. Slitnir hjólbarðar hafa einnig verið endurnýttir til skógerðar eða þeir sniðnir til og saumaðir saman í mismunandi ílát, körfur og tunnur.





Við bjóðum vaxtalaus lán
frá Visa og Mastercard í
allt að 12 mánuði

Komdu bílnum í stand fyrir sumarið!

- Gott framboð á gæðadekkjum í öllum verðflokkum -

TOYO TIRES

MAXXIS

BF Goodrich
TAKE CONTROL

INTERSTATE
TIRES

accelera

Bílabúð Benna hefur áratuga reynslu af sölu dekkja. Mikil áhersla er lögð á að hafa dekkjaflóruna sem fjölbreyttasta og ber úrval okkar af gæðamerkjum þess vitni. Um leið og við bjónum ólíkum kröfum viðskiptavina, um

margvíslega akstursegginleika dekkja og mismunandi verðflokka, sláum við aldrei af gæðunu-öryggi þitt í umferðinni er í húfi. Nú hvetjum við ökumenn til að koma bílum sínum í stand fyrir sumarið með gæðadekkjum frá okkur.

Sumar
dekk

Sendibíla
dekk

Heilsárs
dekk

Jeppa
dekk



Skóðu dekkjaúrvalið!
www.benni.is/dekk

Reykjavík
NESDEKK
Reykjanesbæ

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - Reykjavík - S: 590 2000 / 590 2045 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - S: 561 4110 / Nesdekk - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - S: 420 3333
Umboðsmenn um land allt - Upplýsingar í síma 590 2000



RÉTTA DEKKIÐ BREYTIR ÖLLU



WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

Verkstæði með Michelin-vottun

Arnar Tryggvason, sölustjóri hjá N1, segir Michelin-gæðavottunarkerfið sem nýverið var innleitt á hjólarðaverkstæðum N1 tryggja gæðapjónustu. Öll verkstæði N1 fengu hæstu einkunn Michelin og fóru í excellent-flokk.

Hjólarðaverkstæði N1 tóku nýverið upp Michelin-gæðavottunarkerfi sem er sérhannað af Michelin. Tilgangur þess er að tryggja gæði þjónustunnar.

„Öll verkstæði N1 eru með þessa vottun þar sem unnið er eftir ákveðnum staðli. Öll okkar verkstæði fóru í excellent-flokk sem þýðir að þau náðu yfir 80% þeirra krafna sem gerðar eru. Það eru 30 verkstæði í Skandinavíu með Michelin-vottun en aðeins þrjú þeirra eru með hæstu einkunn,“ segir Arnar ánægður.

Kröfur Michelin-kerfisins

Michelin-kerfið er mjög skilvirkt og segir Arnar að það tryggi að ákveðnu verkferli sé fylgt; hvernig dekk skuli tekin af, í hvaða röð hlutirnir séu framkvæmdir, hvernig hjóla- og dekkjabúnaður sé skoðaður ásamt kröfu um gæði verkfæra. „Ef við sjáum eitthvað athugasemjast á er viðskiptavinurinn upplýstur um vandamálið þegar hann sækir bifreiðina og getur þá látið lagfæra það.“ Aðbúnaður viðskiptavina þarf líka að vera í lagi og er mælikvarði settur á það eins og annað. Allir



Starfsmenn verkstæðis N1 í Fellsmúla.

þessir þættir hafa áhrif á hversu hátt hvert verkstæði skorar á Michelin-kvarðanum.

Öryggi og aðbúnaður starfsmanna og viðskiptavina

Verkstæðin eru með tölvutengdan tilkynningargrunn þar sem öll frávik eru skráð. „Þetta auðveldar okkur að fylgjast með málum hvort sem um er að ræða galla á vöru, kvörtun, mistök við þjónustu eða annað. Þannig eru allar upplýsing-

ar til staðar í einum gagnagrunni sem gerir okkur auðveldara að bæta þjónustuna,“ segir Arnar.

Strangt eftirlit

Eftirlitsmenn á vegum Michelin mæta einu sinni á ári og skoða verkferla verkstæða og gefa hverjum lið einkunn. „Þeir gera ekki boð á undan sér heldur mæta fyrirvara-laust og þjónustan er tekin út og sannreynt hvort hún sé samkvæmt staðlinum.“

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

SUMARDEKKIN FYRIR BÍLINN ÞINN FÁST HJÁ PITSTOP!

MUNDU AÐ TÍMI NAGLADEKKJA ER TIL 15. APRÍL.

VAXTALAUS
GREIÐSLU
DREIFING
MASTERCARD
VISA



FÓLKSBIÐLADEKK Frá Continental gæðadekkjum til traustra sumar-dekkja frá Wanli. Úrvalið er hjá okkur.

JEPPADEKK Mastercraft dekkinn eru þekkt fyrir gæði, endingu og gott verð. Míkróskerum!

SENDIBÍLADEKK Fyrir allar gerðir smærri og stærri sendibíla.

RAUÐHELLU HFJ HELLUHRAUNI HFJ 568 2020 SÍMI
DUGGUVOGI RVK AUSTURVEGI SELFÖSS PITSTOP.IS WWW

30% afsláttur af völdum dekkjum fyrir eigendur Heklubíla!

Erum að fá gám fullan af sumri og sælu! Hringdu núna í þjónustuver Heklu í síma **590 5030** og taktu frá réttu dekkinn fyrir Heklubílinn þinn. Takmarkað magn í boði.



Continental sumardekk fyrir Audi Q7 – 255/55/R19
Verð pr. dekk 69.990 kr.
Verð til Heklubílaeigenda aðeins **48.930 kr.**



Continental sumardekk fyrir Audi A4 – 225/50/R17
Verð pr. dekk 53.990 kr.
Verð til Heklubílaeigenda aðeins **37.790 kr.**



Kumho sumardekk fyrir VW Golf – 195/65/R15
Verð pr. dekk 17.990 kr.
Verð til Heklubílaeigenda aðeins **12.590 kr.**



Kumho sumardekk fyrir Skoda Octavia – 205/55/R16
Verð pr. dekk 21.990 kr.
Verð til Heklubílaeigenda aðeins **15.390 kr.**



Kumho sumardekk fyrir VW Polo – 185/65/R14
Verð pr. dekk 17.890 kr.
Verð til Heklubílaeigenda aðeins **12.520 kr.**

Tilboðin gilda til 26. apríl og eingöngu af fráteknum dekkjum meðan birgðir endast. Tilboðin gilda eingöngu til eigenda Heklubíla.

Umfelgun fyrir fólksbíla á gamla góða verðinu, **2.990 kr.** fyrir Heklubíla.

Við erum í sumarskapi!

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · thjonusta@hekla.is



LÁGMÚLI 9

BETRA GRIP

DEKK UMFELGUN VIÐGERÐIR

FYRIR ÖRYGGIÐ, ENDINGUNA OG SÍGILD GÆÐI, VELDU BRIDGESTONE

Bridgestone munu vafalaust endast betur en flestir ódýrari kostir sem bjóðast. Þú nýtur öryggisins og frábærra aksturseiginleika sem aðeins Bridgestone getur tryggt.

HJÁ OKKUR FÆRÐU BESTU KJÖR Á UMFELGUN!

Lágmúli 9 - bakhús
Sími 5 333 999
www.betragrip.is

Bridgestone er flaggskipið hjá Betra grip

Fyrirtækið Betra grip ehf. rekur heildverslun og hjólbarðaverkstæði að Lágmúla 9. Fyrirtækið er umboðs- og söluaðili fyrir Bridgestone-, Firestone- og Dayton-hjólbarða, sem framkvæmdastjórinn Arngrímur Þorgrímsson segir vera með þeim bestu sem völ er á.

Þeir sem ekið hafa á nagladekkjum í vetur þurfa að skipta yfir í sumar- eða heilsársdekk fyrir 15. apríl svo nú er rétti tíminn til að skipta. „Við erum með gott verð á gæðadekkjum og umfelgun,“ segir Arngrímur.

„Það eru fimm ár í júní síðan við tókum við þessu fyrirtæki og fyrir utan áður nefnd gæðadekk bjóðum við flestar gerðir hjólbarða. Ekki þarf að panta tíma, menn geta komið hingað, fengið ný sumar- eða heilsársdekk og við setjum þau undir bílinn,“ segir hann enn fremur.

„Það vantar ekkert upp á þjónustulundina hjá okkur. Hér er þaulreynt afgreiðslufólk sem veitir upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð undir stjórn Jóhannesar Jónssonar, sem hefur unnið í þessum geira í meira en aldarfjórðung og þekkir hann því eins og lófann á sér. Við flytjum inn hjólbarða fyrir allar gerðir bifreiða, allt frá dekkjum undir fólksbíla og upp í stór og sterk lyftaradekk sem vega hálf tonn,“ segir Arngrímur.

Heildverslunin og verkstæðið eru opin alla virka daga frá klukkan 8 til 18. Verkstæðið er opið á laugardögum frá klukkan 10 til 14. Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 533-3999 eða á heimasíðu fyrirtækisins, slóðin er betragrip.is.



Arngrímur Þorgrímsson, framkvæmdastjóri Betra grips, ásamt starfsmönnum sínum, Jóhannesi og Jóni.

MYND/VALLI



Betra Grip er bæði heildsala og hjólbarðaverkstæði í Lágmúla 9.

MYND/VALLI

JEPPEDEKK

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga

DICK CEPEK
TIRES & WHEELS

- Vönduð amerísk heilsársdekk
- slitsterk
 - hljóðlát
 - neglanleg
 - má míkroskera
 - frábært veggrip

Gott verð!



ÖLL ALMENN DEKKJABJÓNUSTA Á STAÐNUM!

Bjóðum alla almenna dekkjajónustu og útvegum dekk undir flestar gerðir jeppa og fólksbíla.

Hafðu samband við sölumann okkar í síma 540 4900 eða á info@arctictrucks.is

Skjót og góð þjónusta!

Öndunarmælar í ökutæki í Frakklandi

Í sumar ganga í gildi umdeild lög í Frakklandi sem skylda eigendur ökutækja til að hafa öndunarmæli meðferðis.

Mikil umræða hefur skapast um umdeild lög sem ganga í gildi 1. júlí í Frakklandi. Lögin skylda ökumenn til að hafa öndunarmæli í vélknúnum ökutækjum sínum en mælarnir gera þeim kleift að mæla áfengismagn í blóði sínu. Brjóti ökumenn lögin verða þeir sektaðir um 1.850 krónur. Engu máli skiptir þótt ökumaðurinn drekki ekki áfengi eða ætli ekki að drekka þennan daginn, öllum verður skylt að hafa öndunarmæli meðferðis.

Ölvunarakstur vandamál í Frakklandi

Ástæður lagasetningarinnar má fyrst og fremst rekja til þess að ölvunarakstur hefur lengi verið vandamál í Frakklandi en um 30% dauðsfalla í umferðinni þar í landi má rekja til ölvunaraksturs. Frakkar hafa reynt ýmsar leiðir undanfarin ár til að draga úr ölvunarakstri. Þær aðgerðir hafa leitt til þess að dauðsföllum í umferðinni hefur fækkað um 40% frá árinu 2001. Þrátt fyrir fjölda dauðsfalla hafa Frakkar sams konar löggjöf varðandi vínandamagn í blóði og flestar aðrar Evrópuþjóðir sem miðast við 0,5 prómill.



Franska lögreglan hefur nóg að gera í sumar eftir gildistöku laganna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Bretar hafa efasemdir

Breskir fjölmiðlar hafa fjallað töluvert um nýju lögin enda ferðast margir Bretar yfir sundið til Frakklands á bílum og öðrum farartækjum yfir sumartímann. Mögum finnst lögin óljós og ekki sé víst hvort strangt verði tekið á brotum fyrst um sinn. Ökumönnum verði jafnvel gefinn nokkurra mánaða frestur til að venjast nýju lögunum og eru þar með ekki sektaðir. Einnig hafa heyrst efasemdaraddir þess efnis að ekki verði búið að framleiða nóg

af öndunarmælum til að hægt sé að koma þeim fyrir í öllum ökutækjum tímanlega. Stjórnvöld hafa hvatt ökumenn til að hafa að minnsta kosti tvo mæla í hverju ökutæki og því er um mikið magn að ræða sé tekið tillit til fjölda ökutækja og fjölda erlendra ferðamanna sem keyra um landið á hverju ári. En þótt nýju lögin veki mismikla hrifningu virðast þau hafa átt sinn þátt í vitundarvakningu meðal Frakka og annarra nágrannaþjóða um skaðsemi ölvunaraksturs.



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera liflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	70%	57,5%	Fréttablaðið	73,0%	59,4%
Morgunblaðið	25%	26,8%	Morgunblaðið	32,1%	33,1%
DV	13,1%	11,6%	DV	13,3%	12,2%
Fréttatíminn	48,4%	35,9%	Fréttatíminn	54,8%	40,8%
Finnur.is	30,2%	22,6%	Finnur.is	38,8%	29,5%
Monitor	25,3%	22,5%	Monitor	25,5%	23,7%
Viðskiptablaðið	7,6%	7,6%	Viðskiptablaðið	10,2%	9,1%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...

GoodYear/Dunlop-hjólbarðapjónusta

Klettur – sala og þjónusta ehf. rekur hjólbarðapjónustu að Klettagörðum 8-10 í Reykjavík. Fyrirtækið selur dekk í öllum verðflokkum og af öllum stærðum og gerðum og fullkomið verkstæði til að sinna allri vinnu og þjónustu við viðskiptavinum.

Við bjóðum alhliða hjólbarðapjónustu og seljum dekk í öllum verðflokkum. GoodYear/Dunlop er flaggskipið okkar en við höfum verið umboðsaðilar þeirra á Íslandi í 60 ár,“ segir Eggert Bjarki Eggertsson hjá hjólbarðapjónustu Kletts.

„Við erum einnig með ódýrari vörumerki en gæðin haldast þó í hendur við verðið. Viðskiptavinurinn fær meira fyrir peningana í vandaðri merkjunum þar sem endingartíminn, gæði og öryggi eru í fyrirrúmi.“

Klettur selur allar stærðir hjólbarða, allt frá minnstu hjólbörðum á handtrillur, hjólbörur og mótórhjól, upp í stærstu vinnuvélar og vörubíla. Aðstaðan í Klettagörðum býður upp á fullkomið verkstæði til að sinna allri vinnu og þjónustu við viðskiptavinum.

„Yfirleitt er nóg að mæta beint til okkar án þess að panta tíma. Á verkstæðinu starfa fimm manns svo biðtími er í lágmarki. Vörubíla getum

„Viðskiptavinurinn fær meira fyrir peningana í vandaðri merkjunum þar sem endingartíminn, gæði og öryggi eru í fyrirrúmi.“

við tekið í gegnumakstur gegnum húsið og þurfa þeir þar af leiðandi ekki að bakka út úr húsinu,“ útskýrir Eggert.

Hann segir starfsmenn fyrirtækisins vel þjálfaða enda hafi þeir verið í bransanum í mörg ár.

„Hjólbarðadeild Kletts er byggð á gömlum grunni. Sjálfur hef ég verið í rúm 25 ár í bransanum svo við erum ansi sjóaðir í þessum málum.“

Klettur er einnig heildsali með hjólbarða og þjónustar hjólbarðaverkstæði um allt land. Nánari upplýsingar um vörur er að finna á heimasíðunni www.klettur.is.



Eggert Bjarki Eggertsson og Halldór Jóhannsson hjá Kletti útvega viðskiptavinum allar gerðir hjólbarða.

MYND/GVA

Gæða dekk... ...á góðu verði

GOODYEAR EfficientGrip dekkinn hafa fengið umhverfsvottun, frábær gæði og frábær fyrir umhverfið



GOODYEAR

Sava

MINERVA
PREMIUM QUALITY TYRES

KLETTUR

Ætlar að fjárfesta í frumkvöðlastarfsemi

Stóru bankarnir þrír bjóða allir upp á vettvang til að styðja við frumkvöðlastarfsemi. Landsbankinn og Íslandsbanki hafa boðið upp á aðstöðu, styrki og ráðgjöf. Arion ætlar nú að bjóða upp á að gerast meðfjárfestir í verkefnum.

NÝSKÖPUN

Pórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Arion banki mun kynna Startup Reykjavík, nýtt frumkvöðlasetur sitt, á Sprotapíngi Íslands næstkomandi föstudag. Setrið, sem er hluti af Global Acceleration Network, er sett á fót í samvinnu við Innovit og Klak. Fyrirmynd þess er erlend og samkvæmt upplýsingum frá bankanum hefur svona lagað ekki verið gert á Íslandi áður.

Startup Reykjavík á að standa yfir í þrjá mánuði yfir sumar tímamann (frá byrjun júní og út ágúst mánuð). Umsóknarfrestur til að taka þátt er til 7. maí næstkomandi. Úr hópi umsækjenda verða valin tíu viðskiptateymi sem munu fá tvær milljónir króna í hlutfé frá Arion banka gegn allt að 6% hlutdeild í fyrirtækinu. Yfir 20 leiðbeinendur úr ólíkum áttum úr íslensku viðskipta- og athafnalífi munu veita þjálfun á meðan Startup Reykjavík stendur yfir. Arion banki mun auk þess sjá þeim sem munu taka þátt í verkefninu fyrir húsnæði á meðan það stendur yfir. Á lokadegi þess munu teymin síðan fá tækifæri til að kynna sig fyrir fjárfestum. Arion hefur skuldbundið sig til að bjóða upp á verkefnið oftast en einu sinni.

Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur frumkvöðla- og nýsköpunarmála hjá Arion banka og umsjónarmaður verkefnisins, segir hugmyndina vera þá að tengja betur einkafjármagn við frumkvöðla. „Þetta eykur stuðnings einkafjármagns við frumkvöðlaumhverfið og þar með verður vistkerfi frumkvöðla mun sterkara fyrir vikið. Verkefnið er framlag okkar til að gera hluti sem raunverulega skipta máli.“

Spurður um hvaða hag Arion banki hafi af verkefninu nefnir Einar Gunnar þrenns konar ávinning.

„Í fyrsta lagi samræmist þetta stefnu bankans um að vera fyrsti valkostur hjá bæði frumkvöðlum og fjárfestum. Í öðru lagi ætlar



ADSTADA Bankarnir hafa meðal annars boðið frumkvöðlum upp á aðstöðu til að vinna að hugmyndum sínum. Með Startup Reykjavík mun Arion fyrstur íslensku bankanna bjóða upp á vettvang þar sem bankinn leggur fram fjármagn gegn hlutdeild í frumkvöðlafyrirtækjum. FRETATABLADID/VALLI

LEGGUR ÁHERSLU Á ORKU OG SJÁVARÚTVEG

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka hefur hann lagt áherslu á að styrkja frumkvöðlaverkefni sem leggja áherslu á endurnýjanlega orku og sjálfbæran sjávarútveg, enda hefur bankinn byggt upp sérþekkingu á sviði jarðvarma og sjávarútvegs. Markmið styrkjanna er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á þessum tveimur sviðum.

Á þessum grunni veitti Íslandsbanki sprotafyrirtækinu GÍRÓ þriggja milljóna króna styrk til að þróa aðferð og smíða mælitæki sem getur allt í senn mælt hita, þrýsting, stefnu og halla borhola við allt að 400°C. Slíkt tæki er ekki til á markaðnum sem stendur. Þá styrki bankinn menntastofnanir innan íslenska sjávarklasans um fimm milljónir króna. Í svari bankans við fyrirspurn Markaðarins segir að styrkurinn hafi verið ætlaður til „að efla samstarf um námsframboð og marka stefnu og framkvæmdaáætlun um hvernig laða megi ungt fólk að menntun á þessu sviði“.

Íslandsbanki opnaði einnig viðskiptasetrið Kvosina í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands í húsnæði bankans við Lækjargötu árið 2009. Þar fá einstaklingar og hópar aðstöðu til að vinna að viðskiptahugmyndum og stofna fyrirtæki undir faglegri umsjón sérfræðinga Impru á Nýsköpunarmiðstöð. Alls hafa um 80 fyrirtæki nýtt sér þessa aðstöðu frá stofnun Kvosarinnar.

Þá hafa Íslandsbanki, Félag kvenna í atvinnurekstri og Opni háskólinn við Háskólann í Reykjavík staðið fyrir námskeiði fyrir frumkvöðla og frumkvöðlasamkeppni fyrir konur. Bankinn greiddi þar helming námskeiðsgjaldsins. Á námskeiðinu fengu þátttakendur m.a. kennslu í stofnun fyrirtækja, stefnumótun, markaðsgreiningu, fjármálum og samningatækni. Þetta skilaði 30 viðskiptaáætlunum og tóku þær fimm sem metnar voru bestar þátt í keppni um bestu áætlunina. Höfundur bestu áætlunarinnar, Volki, hlaut svo tveggja milljóna króna styrk frá Íslandsbanka.

Arion sér að vera virkt tannhjól í því að auka verðmætasköpun á Íslandi. Í þriðja lagi vonumst við síðar til að þetta skili okkur, til lengri tíma, fleiri og betri viðskiptavinum. Þetta er langhlaup, ekki spretthlaup.“

Global Accelerator Network er net rekið af Techstars í Bandaríkjunum sem nær víða um heim. Einar Gunnar segir aðgengi ís-

lenskra frumkvöðla að netinu opna ýmsa möguleika fyrir íslenska frumkvöðla. „Það opnar möguleikann á því að vera annars vegar að hitta sambærileg fyrirtæki sem eru að vinna að svipuðum hlutum og frumkvöðlarnir sjálfir, meðal annars með samstarf í huga, og hins vegar upp á að hitta og kynna sig fyrir erlendum fjárfestum.“

Hvaða greiðslulausnir henta mínum rekstri?

Valitor Ráðgjöf svarar öllum svona spurningum. Hafðu samband í síma 525 2255.

VALITOR

LANDSBANKINN ÆTLAR AÐ VERA LEIÐANDI

Landsbankinn hefur það yfirlýsta markmið að vera leiðandi aðili í að blása nýju lífi í íslenskt atvinnulíf og hefur meðal annars lagt áherslu á nýsköpun í þeim ennum.

Um mitt ár 2011 setti bankinn á fót Nýsköpunarþjónustu. Samkvæmt heimasíðu hennar er boðið upp á ráðgjöf sem tengist starfsumhverfi fyrirtækjanna, leitast er við að leiða saman aðila sem gagnast hver öðrum, efla tengsl bankans við markaðinn og þróa þjónustu hans með þarfir frumkvöðla í huga. Áður hafði bankinn efnt til opinna funda á níu stöðum um land allt til að leita að tækifærum til að fjármagna hugmyndir, með höfuðáherslu á nýsköpun.

Bankinn gerist þó hvorki áhættufjárfestir né otar lánnum að ungun fyrirtækjum. Í svari Landsbankans við fyrirspurn Markaðarins kemur fram að sú afstaða byggji á þeirri sýn hans að lánsfé sé ekki það þolinmóða fjármagn sem fyrirtæki á fyrstu stigum þarfnast. „Þó býður Landsbankinn viðskiptavinum, sem eru með góða viðskiptahugmynd og vilja vinna að nýsköpun, upp á nýsköpunarlán, sem er skammtímafjármögnun, allt að 750 þúsund krónur, og er á hagstæðari vaxtakjörum en hefðbundin yfirdráttarlán.“ Umrædd lán eru meðal annars ætluð til kaupa á tækjum og hugbúnaði, þátttöku á námskeiðum, kaupum á sérfræðiþjónustu og þátttöku á vörusýningum. Landsbankinn hefur þegar

lánað út rúmlega sex milljónir króna undir þessum hatti síðan nýsköpunarlánin voru fyrst auglýst og tæplega 60 aðilar hafa nýtt sér ráðgjafaviðtöl hjá nýsköpunarsérfræðing bankans eða fyrirtækjasérfræðingum hans.

Landsbankinn er einnig meginbakhjarl og samstarfsaðili Atvinnu- og nýsköpunarhelga Innovit. Alls hafa fjórar slíkar verið haldnar það sem af er vetri, yfir 200 þátttakendur hafa tekið þátt í þeim og sem stendur er unnið að framgangi meira en 50 viðskiptahugmynda. Næsta nýsköpunarhelgi verður haldin á Akranesi 27. apríl næstkomandi. Bankinn er líka styrktaraðili Gulleggsgins, frumkvöðlakeppni Innovits.

Þá rekur bankinn Samfélagssjóð sem veitir nýsköpunarstyrki upp á samtals 15 milljónir króna til að gefa frumkvöðlum tækifæri til að þróa nýja viðskiptahugmynd, eldri viðskiptahugmyndir á nýju markaðssvæði eða nýja vöru og þjónustu. Hann hefur einnig skrifað undir samstarfssamning við Svanna – lánatryggingasjóð kvenna, sem er í eigu tveggja ráðuneyta og Reykjavíkurborgar, um að veita konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega til helminga. Landsbankinn stofnaði einnig Þróunarsjóð ásamt iðnaðarráðuneytinu til að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi. Sjóðurinn, sem styrkir þróun verkefna sem hægt er að sinna utan háannatíma í ferðaþjónustu, á um 70 milljónir króna sem úthlutað verður í tveimur úthlutunum.

STÓRTÓNLEIKAR

Í HÖRPUNNI 12. MAÍ



Varkvöld í Reykjavíki

MEÐ RAGGA BJARNA OG VINUM

MÍÐASALA Í MÍÐASÖLU HÖRPU, Á HARPA.IS, MIDI.IS OG Í SÍMA 528 5050.

SÖNGVARAR: RAGGI BJARNA, EIVÖR PÁLSDÓTTIR, BJÖRN JÖRUNDUR, DIDDÚ, GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR,
ÓSKAR PÉTURSSON, BJARNI ARASON OG ÁLFTAGERÐISBRÆÐUR.

KYNNIR: ÞORGEIR ÁSTVALDSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI JÓN ÓLAFSSON.

MÓÐURFÉLAGIÐ KYNNIR Í SAMSTARFI VIÐ: **BYLGJAN**



BANKAHÓLFID



Þorgils Jónsson

Boltinn og „bissness“

Oft er sagt að peningar séu hreyfiafl heimsins. Með nægu fjármagni á flest að vera mögulegt ef rétt er á haldið.

Áherslan er auðvitað á niðurlagið: Ef rétt er á haldið.

Eitt allra besta dæmið um vanmátt auðmagnsins út af fyrir sig er að finna í nýlegri samantekt á síðunni Transferleague þar sem borin eru saman útgjöld liðanna í ensku úrvalsdeildinni í leikmannakaupum frá árinu 2006.

Þar kemur í ljós að fyrrverandi meistaraefni Manchester City trjóna þar langefst með hin þykku veski eigenda sinna, bæði hvað varðar heildarupphæð sem hefur farið í leikmannakaup, 532 milljónir punda, og upphæð að frádreginni sölu á leikmönnum, sem í þeirra tilfalli nemur um 428 milljónum punda.

Chelsea fylgir þar á eftir, nokkuð langt á eftir, með 156 milljónir nettó, en því næst kemur stórveldið forfræga Liverpool sem hefur keypt leikmenn fyrir 83 milljónum punda meira en það hefur selt.

Þar á eftir koma liðin Tottenham, Aston Villa, Sunderland og Stoke. Manchester United er svo í áttunda sæti, með um 51 milljón punda í mínus, en er þó í fimmta sæti þegar kemur að heildarútlátum til leikmannakaupa.

Þetta kallar á pælingar um rekstur og afraksturinn sem hlýst af því að dæla út svo fádæma háum fjárhæðum.

Látum vera að félög sem hafa ótakmarkaða fjármuni ausi út fé til að kaupa leikmenn til að bæta hópinn ef ásættanlegur árangur næst af þeim sökum. Chelsea getur ef til vill verið sátt við einn meistaratitil, þrjá bikartitla og einn deildarbikartitil.

Manchester City getur sömuleiðis mögulega prísað sig sælt með sinn eina bikartitil ef málsvörnin er sú, að uppbygging frá grunni taki óumflýjanlega nokkurn tíma, en varla er eini titill Liverpool frá hausti 2006, deildarbikarinn síðasta vor, ásættanlegur árangur fyrir ofangreinda upphæð.

Á hinum enda jöfnunnar er Lundúnaveidið Arsenal sem er í 31 milljónar punda gróða í leikmannakaupum á þessu árabili. Engir bikarar hafa þó farið í gljáfægða skápana á Emirates, flestum stuðningsmönnum og mörgum leikmönnum til mikils hugarangurs.

Hið fornkveðna spakmæli að kapp sé best með forsjá sannast hins vegar best á ríkjandi (og að öllum líkindum verðandi) meisturum Manchester United. Fimm úrvalsdeildartitlar á síðustu sex árum, auk Evróputitils og annars smálegs, ætti að vera viðunandi niðurstaða samkvæmt flestöldum bókum.

Niðurstaðan virðist hins vegar vera sú að ábyrgð og áræðni undir styrki stjórn er góð og árangursrík blanda í fótbolta eins og öllum rekstri.

Á vissan hátt er gaman til þess að vita (fyrir ákveðinn hóp stuðningsmanna alltjant) að á þessum síðustu og verstu tímum í knattspyrnusögunni eru það ekki peningar sem öllu ráða.

Þeir hjálpa vissulega ef rétt er með farið, en sigur á vellinum fæst ekki keyptur, til lengri tíma litið.

BIKINÍ-ÁSKORUN



Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

Innifalið í námskeiðinu:

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem er byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood-stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn –við tryggjum að það er heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



Heimir & Kolla vakna með þér í bítíð

BYLGJAN 25
ÁRA
989

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

Reykjavíkurblióm óskar eftir heiðarlegum og brosmildum starfskrafti í helgarvinnu. Ef þú kannt að búa til fallegan blómvönd og vantar aukavinnu, þá endilega sendu okkur email á blom@blomogbrudkaup.is

Sushi smiðjan Geirsgötu 3
Óskar eftir að ráða starfsfólk í eldhús. Fullt starf/Hlutastarf. Íslenskukunnátta æskileg. Uppl. á staðnum miðvikudag og fimmtudag milli kl. 14-17.

NAUÞHÓLL
Bistro

Nauðhóll óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöðum fyrir sumarið:
Matreiðslumenn í fullt starf
Nema í matreiðslu þjóna í fullt starf
Nema í framreiðslu þjóna í hlutastarf
Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund, vera röskur, stundvís, heiðarlegur, metnaðarfullur og jákvæður. Umsókn og ferilskrá sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 17.apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlur auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynisögur
905-2002 • 535-9930
Símadómur • Live spjall
908-6000 • 535-9999

Ert þú djörf kona?
Leyfðu körlum að heyrna óra þína. 100% leynd, frítt að taka upp. Rauða Torgið, s. 555-4321.

Atvinna

Sveinbjörn Sigurðsson hf. óskar eftir að ráða vanan verkstjóra á innréttingaverkstæði félagsins á Akranesi

Um er að ræða framtíðarstarf við smíði innréttinga og innihurða. Krafa er um góða reynslu af sambærilegu starfi og vönduð vinnubrögð. Viðkomandi þarf einnig að geta unnið sjálfstætt og hafa góða færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið svenni@verktaki.is fyrir 13. apríl n.k.



Tilkynningar

FISKISTOFA

Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 1182, 21. desember 2011

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:
Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðu byggðarlagi sbr. auglýsingu nr. 297/2012 í Stjórnartíðindum

Húnaþing vestra (Hvammstangi)
Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðarlögum sbr. auglýsingu nr. 324/2012 í Stjórnartíðindum

Stykkishólmsbær Súðavíkurhreppur Langanesbyggð (Þórshöfn, Bakkafjörður)
Umsóknum skal skilað til Fiskistofu á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. **Umsóknarfrestur er til og með 24. apríl 2012.**

Fiskistofa, 10. apríl 2012.

Atvinna

ICEWEAR ICELAND

Rekstrarstjóri Víkurprjóns Vík í Mýrdal

Víkurprjón ehf sem er dótturfyrirtæki Drífu ehf (Icwear), óskar eftir að ráða rekstrarstjóra með aðsetur í Vík í Mýrdal. Víkurprjón ehf er prjóna og saumastofa sem framleiðir m.a peysur og sokka úr íslenskri ull og rekur stóra verslun á sama stað. Víkurprjón er stærsti vinnuveitandinn í Vík og hjá fyrirtækinu eru 18 ársverk.

Í starfinu felst:

- Yfirumsjón með framleiðslu fyrirtækisins
- Gerð framleiðsluáætla
- Yfirumsjón með versluninni
- Starfsmannahald

Hæfniskröfur

- Reynsla af starfsmannahaldi
- Áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi.
- Skipulagshæfileikar og nákvæmni
- Gott vald á ensku
- Góð tölvufærin t.d. Microsoft Office forritum og Navision
- Lipurð og umburðarlyndi í samskiptum
- Tilbúinn að koma til vinnu utan venjulegs vinnutíma með stuttum fyrirvara.

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í ört vaxandi fyrirtæki. **Áhugasamir sendi umsóknir á agust@icewear.is og gardar@icewear.is fyrir 20. apríl.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknum er ekki svarað í síma.

Um Icwear:
Icwear var stofnað 1972. Fyrirtækið selur og þróar útivistarlínu sem er seld í verslunum í Evrópu og Norður Ameríku undir vörumerkjnum Icwear og Norwear.

Drífa ehf, Suðurhrauni 12 C, 210 Garðabæ

Fasteignir

Í DAG MILLI KL. 18 OG 18.30 VERÐUR OPIÐ HÚS AÐ VÍÐHVAMMI 21 EFRI HÆÐ

Falleg og vel skipulögð 128,4 fm 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi þar af bílskúr 24,9fm. Þetta er góð eign á afar barnvænum stað.

Kristberg Snjólfsson sölufulltrúi Landmark s. 892-1931, tekur á móti ykkur.

LANDMARK
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓDINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölusvi. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Strandvegur 11, Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18

Falleg og vel skipulögð 118,1 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð að meðtalinni 6,6 fm. sér geymslu og sér stæðis í bílageymslu í kjallara. Íbúðin er 4ra herbergja skv. teikn., en stofa hefur verið stækkuð sem nemur einu herbergi. Auðvelt er að útbúa þriðja svefnherbergi í íbúðinni ef vill. Stórar flisalagðar svalir til suðurs. Eldhús opið við stofu og með eyju og vönduðum eikarinnréttingum. Vel staðsett eign alveg niður við sjó. **Íbúðin er laus til afhendingar strax. Verð 37,9 millj. Íbúðin verður til sýnis í dag. Íbúð merkt 0306. Verið velkomin.**

Tilkynningar

VLF HLÍF
Reykjavíkurvegi 64 - 220 Hafnarfjörður - Sími 510 0800 Fax 510 0809 - Netfang hliif@hliif.is

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl 2012 kl: 18:00, í Skútunni, Hólshrauni 3. Hafnarfirði.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning í kjörstjórn.
3. Önnur mál.

Léttur kvöldverður. Stjórnin.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Allt að 7.000 tonna framleiðsla á eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, Ísafjarðarbæ, Strandabyggð og Súðavíkurhreppi

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Lauga-vegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulagsstofnun.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011) og er kærufræstur til **14. maí 2012.**

Skipulagsstofnun

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Bleikjukvísl 9
110 Reykjavík
Glæsilegt og vandað einbýli

Stærð: 335,1 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 62.700.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Lind

Opið Hús

Miðvikudag 11 Apríl milli kl.18-18.3 Verð: 69.900.000

Á neðri hæð eru forstofa, stígalhol, bílskúr með tveimur geymslum. Tvö íbúðarherbergi með sérinngangi. lítilli eldhúsinnréttingu, snyrtingu og stór geymsla. Nýtt annað hvort sem sér aukaíbúð eða opið á milli. Á efri hæð er komið í opið og bjart rými, mikil lofthæð, stór stofa, borðstofa, eldhús, búr/geymsla með nýlegri innréttingu innaf eldhúsi, baðherbergi og hjónasvita. Glerskáli/tengibygging er svo við álmu þar sem eru tvö rúmögð svefnherbergi með mikilli lofthæð og snyrtingu með sturtu.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarin@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


skemmtilegri

GREY'S ANATOMY

SNÝR AFTUR Í KVÖLD KL. 21.15



STÖÐ 2 Á AÐEINS
244 KR.
Á DAG

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12			13	
	14			15
16			17	
18		19		20
21				

LÁRÉTT
2. vera til, 6. mannþyrping, 8. meðal, 9. eldsneyti, 11. tveir eins, 12. afspurn, 14. gistihús, 16. í röð, 17. víður, 18. skelfing, 20. klaki, 21. spil.

LÓÐRÉTT
1. frásögn, 3. gangþófi, 4. ölvun, 5. máttur, 7. sáttir, 10. arinn, 13. sigað, 15. dó, 16. stal, 19. ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lífa, 6. ós, 8. lyf, 9. gas, 11. líl, 12. umtal, 14. hótél, 16. tu, 17. tré, 18. ógn, 20. ís, 21. kaní.
LÓÐRÉTT: 1. sögu, 3. lí, 4. fylleir, 5. afli, 7. samhnuga, 10. stó, 13. at, 15. les, 16. tók, 19. nn.

KAUPTHING MANAGER SELECTION
Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal – L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942
(the „Sicav“)

ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS
The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KAUPTHING MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the Sicav on 30 April 2012 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the Independent Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2011
3. Allocation of the results
4. Discharge to the Directors
5. Renewal of the mandate of the Independent Auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sicav. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – if.s.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.

Njótum frídagsins

BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur

Hvernig hafðirðu það nú um páskana? Förstu eitthvert? Fékkstu gott veður? að þessu spyrja vinnufélagarnir þegar fólk skreiðist aftur til vinnu eftir fríið. Þetta var enda langt frí, fimm heilir dagar og því talsvert lengra en jólafríið var núna síðustu jóla.

HÁTÍÐLEIKI páskanna er einhverra hluta vegna minni í margra augum en jólahátíðin. Fólk notar páskana til að ferðast, fara á skíði eða í fjallgöngur og víða eru hátíðir haldnar um landið sem laða að ferðafólk. Fólk skýst í bústað, liggur í pottinum eða les. Þá nota einhverjir tímunn til að ljúka verki sem lengi hefur beðið. Einhver steikti kleinur og annar stóð í stórhreingerningum. Þetta árið lágu líka margir í flensu, kannski ekki sjálfviljugir samt.



PÁSKAFRÍÐ var langþráð eftir dimmstu mánuði ársins sem voru alveg frílausir. Febrúar meira að segja einum degi lengri en oft áður í þokkabót. Fram undan eru þó bjartari tímar. Strax í næstu viku er einn frídagur, þegar sumarið kemur! Og í maí einum saman eru þrjú frídagar. Þjóðhátíðardaginn ber reyndar upp á sunnudag

í ár en þá verður komið svo gott veður og stutt í sumarfríið að það tekur því ekki að ergja sig á því.

STAKIR frídagar í miðri vinnuviku eru kannski ekki öllum jafn heppilegir og eru meira að segja þyrnir í augum sumra. Þá las ég á Vísi í gær að „Þjóðarframleiðsla í Bretlandi myndi aukast um nítján milljarða punda á ári ef lögbundnir frídagar yrðu afnumdir.“ Það var einnig látið fylgja með í fréttinni að það jafngilti um 3.800 milljörðum íslenskra króna!

VONANDI lesa íslenskir valdhafar ekki þessa frétt hugsaði ég, dauðhrædd um að þarna sæju þeir von um aura í tóman ríkiskassann. Ég vil alls ekki horfa þessum augum á frídagana, það er hvað þeir kosta og hvað væri hægt að græða ef þeir væru ekki til. Mér finnst betra að horfa á hvað þeir gefa þreyttum, eða erum við ekki döttin af topp tíu listanum yfir hamingjusamar þjóðir heims?

FRÉTTINNI um bresku frídagana fylgdi líka að ekki þætti ráðlegt að afnema þá með öllu. Það mætti þó dreifa fríðögunum jafnar yfir árið og það er ég alveg til í að skoða. Helst þyrfti að búa svo um hnútana að lögbundnir frídagar lendi aldrei á sunnudegi. Einhvern tímunn verður að vera tími til að baka kleinur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

PONDUS KYNNIR: STADREYNDIR UM KARLMENN
Í DAG: MATUR FYRIR KARLMENN!

Karlmannslíkami heldur sér ekki við sjálfur! Það þarf að hlúa að honum og byggja upp! Matur er lykilatriði í því samhengi!

Öll næringarefni sem karlmaðurinn þarf má finna í pitsu, pilsner og poppi!

Maðurinn má aldrei komast í kynni við salat!

Byrja öll á P! Praktist!

Borðaðu!

Það hefur dramatískar afleiðingar í för með sér!

Gott að vita!

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Ég sagði mömmu að ég gæti bara borðað mat sem byrjar á „H“ í dag.

Hún er þegar búin að elda hamborgara og hrísgrjónagraut í vikunni, þannig að í kvöld verður örugglega.

HUMAR!

Eða hakka-buff.

Ég er hættur við. Ég ætla að borða heima.

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

ÞÁ ER FRÍÐURINN ÚTI

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

AAA-ARRGG!!

Ég get ekki ákveðið í hvað ég á að fara!!

Er ekki gott að vera með allt þetta ónotaða pláss í hausnum?

Já, ég vil halda því opnu fyrir íþróttahorf.

mini pítur

Nýr og skemmtilegur valkostur

Nú bjóðum við okkar frábæru pítur sem smárétti fyrir öll stór og smá tilefni. Mini pítunarn eru afgreiddar á hentugum bökkum í þremur útfærslum*

- Klassik: Buff, kjúklingabringa, grænmeti, lamb og beikon
- Exótík: Sjávarréttir, lax, kalkún-beikon og kebab
- Mix: Roastbeef, buff, skinka og kjúklingalundur


*Pantanir þurfa að berast fyrir 15:00 daginn áður

pítan
Skiopholti 50 C
Pöntunarsími: 562 9090
www.pitan.is

klassik mix exótík


12 mini pítur **2.990.-**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1989 23 ÁRA 2012
AFMÆLISTILBOÐ
BÓNUS

TUTTUGU TONN Í BOÐI



ÍSLANDSFUGL
HEILL FROSINN KJÚKLINGUR

659 KR.KG

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

mid.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

AMERICAN PIE: REUNION (12)

LORAX ÍSLENSKT TAL (L)

HUNGER GAMES (16)

SVARTUR Á LEIK (16)

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
AMERICAN PIE: REUNION	5.45, 8, 10.20
LORAX 3D ÍSL. TAL	6
LORAX 2D ÍSL. TAL	6
HUNGER GAMES	10
SVARTUR Á LEIK	8, 10.15

SAMBÍÓINN **SAMBIO.IS**

AMERICAN PIE: REUNION

TITANIC Missið ekki af þessari stórbrotu tímamótamynd nú í 3-D á stóra tjaldinu!

MÓGNUD SPENNUMYND Amanda Seyfried úr **MAMMA MIA** er mætt í einum besta þriller þessa árs.

BRIDESMAIDS eru aðeigleg í þessari frábrúru gamanmynd

FRIENDS WITH KIDS KOMIN Í BÍÓ

WRATH OF THE TITANS

SAM WORTHINGTON ROSAMUND PIKE RALPH FIENNES LIAM NEESON

FRIENDS WITH KIDS Kristen Wig, John Hamm, Maya Rudolph og Chris O'Dowd úr

LORAX FÉR BÓTT Á TOPPINN Í LUGA!

FRIENDS WITH KIDS KOMIN Í BÍÓ

SAMBÍÓINN ÁLFABAKKA			
AMERICAN PIE KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D	12	
AMERICAN PIE VIP KL. 8 - 10:20	2D	12	
WRATH OF THE TITANS KL. 5:50 - 8 - 10:10	3D	12	
WRATH OF THE TITANS KL. 10:40	2D	12	
WRATH OF THE TITANS VIP KL. 5:50	2D	12	
GONE KL. 5:50 - 8 - 10:10	2D	12	
FRIENDS WITH KIDS KL. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12	
JOHN CARTER KL. 5:20 - 8	2D	12	
SAMBÍÓINN AKUREYRI			
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ KL. 5	3D	12	
WRATH OF THE TITANS KL. 8 - 10:10	3D	12	
FRIENDS WITH KIDS KL. 6	2D	12	
JOHN CARTER KL. 8 - 10:10	2D	12	
SAMBÍÓINN KEFLAVÍK			
AMERICAN PIE: REUNION KL. 8	2D	12	
WRATH OF THE TITANS KL. 10:20	3D	12	
FRIENDS WITH KIDS KL. 8	2D	12	
SVARTUR Á LEIK KL. 10	2D	12	

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

mid.is

TITANIC LÚXUS

LORAX LÚXUS

HUNGER GAMES LÚXUS

SVARTUR Á LEIK LÚXUS

SMÁRABÍÓ			
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 4 - 8	10	
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ LÚXUS	KL. 4	10	
AMERICAN PIE: REUNION	KL. 5.30 - 8 - 10.30	12	
AMERICAN PIE: REUNION LÚXUS	KL. 8 - 10.30	12	
LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D	KL. 3.30	L	
LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3.30 - 6	L	
HUNGER GAMES	KL. 5 - 8	12	
SVARTUR Á LEIK	KL. 8 - 10.30	16	
HÁSKÓLABÍÓ			
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5 - 9	10	
AMERICAN REUNION	KL. 8 - 10.30	12	
LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 6	L	
HUNGER GAMES	KL. 6 - 9	12	
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.30 - 8 - 10.30	16	
BORGARABÍÓ			
AMERICAN PIE: REUNION	KL. 5.50 - 8 - 10.10	12	
HUNGER GAMES	KL. 5.30 - 8	12	
SVARTUR Á LEIK	KL. 10.30	16	



SMEKKLEG PRÍVÍDD
Titanic hefur fengið
prívíddarmeðferð.
Prívíddin er smekklega
unnin og mínimalísk.

Perlan skín enn

Bíó ★★★★★

Titanic

Leikstjórn: James Cameron

Leikarar: Leonardo DiCaprio, Kate Winslet, Billy Zane, Gloria Stuart, Bill Paxton, Frances Fisher, Kathy Bates, Danny Nucci, David Warner

Árið 1997 var stórmyndin Titanic frumsýnd, en hún varð fljótt tekjuhæsta kvikmynd allra tíma og sópaði að sér öllum helstu verðlaunum sem hægt var að fá. Í myndinni tvinnuði leikstjórnin James Cameron saman raunveruleika og skáldskap, og segir hún frá forboðinni ást tveggja ungmenna um borð í farþegaskipinu RMS Titanic, en um þessar mundir eru liðin 100 ár síðan þetta sögufræga skip fórst í jómfrúarsiglingu sinni eftir

árekstur við ísjaka. Af því til efni er myndinni nú varpað aftur á tjaldíð hvíta, og í þetta sinn í þrívídd.

Með tíð og tíma hefur það færst í aukana að fólk geri grín að myndinni og tali hana niður. Hún sætir ásökunum um langdregni og væmni, og sykurhúðað stafastef Céline Dion er ofspilað barn síns tíma. Þá hefur margoft verið vísað í ýmis atriði myndarinnar í þágu sprells, og af þeim sökum er til dæmis ómögulegt að horfa á þau Ljónharð og Kötlu leika flugvél í stafni skipsins án þess að flissa í hljóði.

En takist manni að leiða hjá sér lummulegustu atriðin stendur traustbyggð mynd eftir (án þess að ég fari út í fyrirsjáanlegt líkingamál um hrákasmíðina RMS Titanic). Sjálfur skipskaðinn er gífurlegt sjónarspil og þó að tæknibrellurnar séu 15 ára gamlar þá eldast þær ágætlega.

Prívíddin er smekklega unnin og mínimalísk en spilar stærra hlutverk í seinni hlutanum. Winslet er glæsileg og hleypr lífi í það sem hefði auðveldlega getað orðið þreytt steríótýpa, og mikið ofboðslega er DiCaprio myndarlegur. Hann var líka finnr leikari, þótt hann sé enn betri í dag.

Það er gaman að fá þessa perlu aftur í bíó. Hún fjallar um atburði sem áttu sér stað í upphafi síðustu aldar, en er um leið góð heimild um áherslur í kvikmyndagerð undir lok hennar. Einlægnin var meiri, kaldhæðnin minni og Leonardo DiCaprio var miklu sætari. Og að sjá hann svona í þrívídd er það næsta sem þú kemst því að knúsa hann í alvörinni. Er hægt að selja þetta betur?

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Titanic stenst tímans tönn. Taktu með þér tísju og ekki skammast þín fyrir neitt.

ÁRSFUNDUR

ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRÍÐ 2012

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15

DAGSKRÁ

- Skýrsla stjórnar.
- Ársreikningur 2011 og tryggingafræðilega athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
- Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- Kosning stjórnar.
- Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um laun stjórnar.
- Önnur mál.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann 19. apríl 2012 kl. 24.00. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Nánari upplýsingar um ársfundinn og breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

www.almenni.is



BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: INDLAND: STÓRI DAGURINN 20:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ AMMA LO-FI 18:00 ■ MARGIN CALL 20:00, 22:10 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 17:40, 22:20 ■ MARGIN CALL 20:00, 22:10

11.-20. APRÍL

INDVERSK KVIKMYNDAHATÍÐ

CARNAGE græna ljósið

NÝJASTA MYND ROMAN POLANSKI

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvisun skirteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



COLOR ME RECORDS Það eru þeir Áskell Harðarson, Björn Gauti Björnsson, Jón Eðvald Vignisson og Steindór Grétar Jónsson sem standa að útgáfunni.

Ný tónlistarútgáfa

Color Me Records er nýtt útgáfufyrirtæki sem sérhæfir sig í íslenski raftónlist. Það eru fjórmennirnir Áskell Harðarson, Björn Gauti Björnsson, Jón Eðvald Vignisson og Steindór Grétar Jónsson sem standa að útgáfunni.

Fyrsta plata Color Me Records kom út á dögunum, stuttstífa eftir

B. G. Baarregaard sem nefnist Nude Disco. B. G. Baarregaard á sjálfur tvö lög á plötunni, auk þess sem þar er að finna endurhljóðblandingar eftir Jón Eðvald og Steindór Jónsson.

Útgáfunni verður fagnað á Kaffibarnum í kvöld klukkan 21 og munu listamenn plötunnar sjálfir sjá um að þeyta skífum. -ts

Er með glútenóþol

Söng- og leikkonan Miley Cyrus hefur sætt nokkurri gagnrýni fyrir holdafar sitt undanfarnar vikur. Einhverjir halda því fram að söngkonan þjáist af lystarstoli en Cyrus hefur vísað gagnrýninni á bug.

„Það eina sem ég þjáist af er glúten- og mjólkuróþol. Þetta hefur ekkert með þyngd að gera, aðeins heilsu mína. Glúten er óhollt og í dag borðaði ég páska-máltíð sem var holl og saðsöm. Heilbrigði er hamingja,“ skrifaði Cyrus á Twitter-síðu sína. Þar mælti hún jafnframt með því að aðdáendur hennar prófuðu glútenlaust fæði í nokkra daga.



HEILBRIGÐ OG HRAUST Miley Cyrus segist hafa grennst vegna þess að hún má ekki borða glúten eða mjólkurvörur.

NORDICPHOTOS/GETTY



PASSAR EKKI Trúlofunarhringur Jessicu Biel klæðir ekki hennar persónulega stíl.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ber sérhannaðan hring

Justin Timberlake hannaði sjálfur trúlofunarhringinn sem hann gaf unnustu sinni, Jessicu Biel, en samkvæmt US Weekly er stúlkan ekki alltof hrifin af hönnun unnustans.

Timberlake ráðfærði sig fyrst við stílista Biel um útlit og lögum hringins en ákvað að lokum að hanna hringinn eftir eigin höfði. „Stílisti Jessicu veit hvað hún vill og hvað fer henni best. Justin talaði við hana fyrst en ákvað svo að hanna hringinn sjálfur án þess að ráðfæra sig við hana. Jessica er ánægð með hringinn en hann er mjög á skjön við hennar persónulega stíl,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni.

Wolfgang Amadeus
MOZART

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 30. STARFSÁR

MESSA Í C-MOLL & REQUIEM

HALLGRÍMSKIRKJU
LAUGARDAGINN 21. OG SUNNUDAGINN 22. APRÍL KL. 17

ÞÓRA EINARSDÓTTIR - HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR
AUFUR GUÐJOHNSEN - ELMAR GILBERTSSON - MAGNÚS BALDVINSSON
MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU 30 ÁRA - KAMMERSVEIT HALLGRÍMSKIRKJU
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKESSON

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Nýtt landslag - nýjar áskoranir

Staða landbúnaðar á Íslandi í breyttum heimi
Ráðstefna á Bifröst föstudaginn 13. apríl

Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem efst er á baugi í ríkjandi þróun landbúnaðarumhverfisins hér á landi og erlendis. Þýr framtíðin í óbreyttu ástandi? Ef ekki, hverju þarf að breyta í núverandi landbúnaðarstefnu til að tryggja bændum eðlileg kjör og sókn til fjölbættari atvinnutækifæra, innan eða utan ESB? Sérfræðingar á sviði landbúnaðar-, neytenda- og matvælamála halda fyrirlestra og hagsmunaaðilar úr ólíkum undirgreinum atvinnugreinarinnar segja frá reynslu sinni.

Fyrirlesarar 10:30 - 12:30

- 10:30 - 10:40 Bryndís Hlöðversdóttir, rektor Háskólans á Bifröst
- 10:40 - 11:05 Þórólfur Matthíasson, hagfræðingur, prófessor við Háskóla Íslands
- 11:05 - 11:35 Veli-Pekka Talvela, yfirmaður alþjóðamála hjá landbúnaðar- og skógræktarráðuneyti Finnlands
- 11:35 - 12:00 Daði Már Kristófersson, náttúruauðindahagfræðingur, dósent við Háskóla Íslands
- 12:00 - 12:30 Kristín Vala Ragnarsdóttir, jarðefnafræðingur, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ

12:30-13:30 Hádegismatur

Ýmis erindi 13:30 - 15:30

- Landssamband kúabænda: Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK
- Neytendasamtökin: Brynhildur Pétursdóttir (NS)
- Liffræn ræktun og matvælaframleiðsla: Eygló Björk Ólafsdóttir, Móðir jörð, Vallanesi
- Fulltrúi launþega: Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
- Landssamband sauðfjárbænda: Sindri Sigurgeirsson sauðfjárbóndi
- 15:30-16:30 Hringborðsumræður (panel)

Nánari upplýsingar og skráning á bifrost.is og í síma 545 1200.
Skráningargjald 3000 kr. – hádegisverður innifalinn.



Framsögumenn taka þátt í hringborðsumræðum. Gestum boðið að taka þátt í umræðum og leggja fram spurningar.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



SVERRIR GARDARSSON mun líklega ekki spila með ÍBV í sumar vegna meiðsla og að sögn Magnúsar Gylfasonar, þjálfara ÍBV, er alls óvíst hvort hann leiki knattspyrnu á nýjan leik yfirleitt en Sverrir þurfti að taka sér frí frá fótbolta á sínum tíma vegna höfuðmeiðsla. Þetta er mikið áfall fyrir ÍBV, rétt eins og Sverri, enda eru Tryggvi Guðmundsson, Andri Ólafsson og Gunnar Már Guðmundsson einnig meiddir.



KOMINN Í RAUTT Patrekur stýrir málum á Hlíðarenda næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Patrekur tekur við Val:

Leist vel á Val

HANDBOLTI Patrekur Jóhannesson skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Val, en hann tekur við liðinu af Óskari Bjarna Óskarssyni.

„Valur sýndi mér áhuga og við fórum í kjölfarið í viðræður. Mér leist vel á félagið enda stór klúbbur með frábæra umgjörð og verkefnið spennandi. Þess vegna ákvað ég að taka tilboðinu,“ sagði Patrekur við Vísi á blaðamannafundinum í kvöld en var hann með fleiri járn í eldinum?

„Nei, ekki þannig séð. Það voru einhverjar fyrirspurnir að utan en þar sem stefnan hjá mér núna er ekki að fara út þá skoðaði ég það ekkert. Ég er þess utan landsliðsþjálfari Austurríkis og verð það áfram. Þeir höfðu ekkert út á það að setja að ég myndi þjálfari hér heima samhliða landsliðsþjálfuninni.“

- hbg

Nýtt og betra „teppi“ í Garðabæinn

Þessa dagana er verið að leggja nýtt og betra gervigras á Stjörnuvöll í Garðabæ og er áætlað að völlurinn verði tilbúinn fyrir fyrsta heimaleik liðsins í Pepsi-deildinni í vor. Grasið er sagt uppfylla ströngustu kröfur.

FÓTBOLTI Nýtt og betra gervigras er væntanlegt á heimavöll Stjörnuunnar í Garðabæ. Gamla „teppið“, eins og gervigrasið var oft kallað, þótti úr sér gengið enda notkunin á því búin að vera mikil síðan það var lagt árið 2003.

„Framkvæmdir eru töluvert á undan áætlun og þeim á að vera lokið fyrir mánaðamót. Völlurinn verður tilbúinn fyrir fyrsta heimaleik okkar,“ sagði Almar Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar Stjörnuunnar. Fylkismenn verða fyrstu gestir nýja gervigrassins þegar þeir koma í heimsókn í Garðabæinn þann 10. maí.

„Við erum mjög spenntir fyrir þessari breytingu enda uppfyllir nýja grasið ströngustu kröfur og er af nýjustu gerð,“ bætir Almar við. „Tæknin hefur breyst mikið síðan gamla gervigrasið var lagt og sýnir öll fagleg umfjöllun fram á að aðstæður á þessu yfirborði líkjast mjög náttúrulegu grasi. Við vonum að með tilkomu nýja gervigrassins átti menn sig á því að þetta er góð lausn.“

Hann segir að það hafi reynt Stjörnumönnum vel að æfa og spila á gervigrasi. „Ég held að sú framkvæmd hafi sannað gildi sitt á margan hátt. Hins vegar var mun meira álag á þeim velli en átti að vera og undir það síðasta þótti það



ÁNÆGÐUR MEÐ NÝJA GRASIÐ Almar stendur hér á Stjörnuvöllinum sem skartar nýju og glæsilegu gervigrasi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sem keppnisgras í efstu deild ekki nógu gott,“ segir Almar en bætir við að völlurinn hafi ávallt staðist þær formlugu kröfur sem hafi verið gerðar til hans.

Almar bendir á að samkvæmt

rannsóknunum hagi boltinn sér eins á gervigrasi og að meiðsli leikmanna séu ekki tíðari á slíku yfirborði. „Við vitum hins vegar að leikmenn hafi allt aðra tilfinningu fyrir gervigrasinu en náttúrulegu

grasi. En rannsóknar sýna að skilyrðin eru sambærileg.“

Það kostar vitanlega meira að leggja gervigras en náttúrulegt gras en Almar segir að Stjörnumenn telji þetta skynsamlegri fjárfestingu.

„Það skal tekið fram að við höfum engar tölur til að styðjast við en þetta er okkar mat. Við teljum að nýtingin á mannvirkinu verði miklu betri fyrir vikið enda þótt hægt sé að bjóða upp á mjög góða grasvelli á Íslandi yfir sumartímann er notkunin á þeim allt önnur. Bæði er hægt að nota gervigrasvelli meira og yfir lengri tíma á árinu auk þess sem við munum leggja gamla grasið á nýjan stað og nota það sem ævingavöll. Það mun hjálpa til við að hlífa nýja grasinu.“

Stjarnan náði frábærum árangri síðasta sumar. Kvinnaliðið varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn og karllaliðið hafnaði í fjórða sæti Pepsi-deildarinnar og skoraði flest mörk allra liða. Almar vonar að með tilkomu nýs gervigrass sé hægt að ná enn betri árangri á komandi árum.

„Þetta verður bylting. Við erum sannfærðir um að menn muni átta sig á að með tilkomu nýja gervigrassins verði boðið upp á toppaðstæður í Garðabænum,“ segir Almar.

eirikur@frettabladid.is

Ertu á leiðinni í ferðalag?



Netlykill á 0 kr. í dag og 4GB minnislykill í kaupbæti

Í dag bjóðum við netlykil á 0 kr. með öllum nýjum Netlyklaáskriftum gegn 6 mánaða bindingu. 4GB minnislykill fylgir með. Griptu tækifærið og græjaðu þig upp fyrir ferðalagið.*

MAGNAÐIR MIÐVIKUDAGAR

með Símanum

Síminn

simmn.is/vefverslun

*Í boði fyrir 3GB-30GB pakka. Gildir meðan birgðir endast.



AUGUN Á BOLTANUM Stjórnumaðurinn Justin Shouse reynir hér að verjast Grindvíkingnum Giordan Watson.

Grindavík vann fyrsta leikinn gegn Stjörnunni í undanúrslitum IE-deildar karla:

Grindavík vann fyrstu orrustuna

KÖRFUBOLTI Grindvíkingar eru komnir með forystu í undanúrslitaevingi sínu gegn Stjörnunni í Iceland Express-deild karla í körfuknattleik.

Stjarnan komst yfir 3-1 með þriggja stiga körfu Keith Cothran en eftir það voru heimamenn í bilstjórásætinu. Liðið hafði þriggja stiga forskot, 38-35 í hálfleik, og nær komust gestirnir aldrei þrátt fyrir að halda í við Grindavík.

„Þetta var jafnt og flatt út allan leikinn. Við náðum aldrei alvöru áhlaupi á þá og það var eingöngu

okkur að kenna. Við köstuðum boltanum ítrekað frá okkur og okkar bestu skotmenn fá opin skot endurtekið en þau bara dattu ekki í dag,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, sem telur sína menn eiga heilmikið inni.

Grindvíkingar hafa mikla breidd og eru erfiðir við að eiga í háloftunum þar sem Bullock, Pettinella og Sigurður Þorsteinson eru fyrirferðarmiklir.

Grindvíkingar fengu nú daga frá eftir að hafa sigrað Njarð-

vík 2-0 í átta liða úrslitum Helgi Jónas Guðfinnson, þjálfari Grindavíkur, sagði hafa reynst nokkuð erfitt að viðhalda markvissum æfingum til að byrja með.

„Þetta var svolítið ströggil. Ég tala ekki um þann tíma sem við vissum ekki hver andstæðingurinn yrði,“ sagði Helgi sem var sáttur við varnarleikinn í gærkvöldi en ekki sóknarleikinn.

„Við þurfum að bæta okkar leik ef við ætlum í úrslit,“ sagði Helgi Jónas ákveðinn.

- ktd

ÚRSLIT

IE-deild karla:

Grindavík-Stjarnan 83-74

Grindavík: J'Nathan Bullock 24/10 fráköst, Þorleifur Ólafsson 16/7 fráköst, Giordan Watson 10/4 fráköst/7 stoðsendingar, Ólafur Ólafsson 9, Ryan Pettinella 7/6 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinson 7/8 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 5/4 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 3/5 stoðsendingar, Ómar Örn Sævarsson 2.

Stjarnan: Keith Cothran 22/6 fráköst, Renato Lindmets 14/4 fráköst/6 stoðsendingar, Jovan Zdravevski 11, Justin Shouse 11/4 fráköst/8 stoðsendingar, Fannar Freyr Helgason 9/5 fráköst, Marvín Valdimarsson 5, Dagur Kár Jónsson 2

Enska úrvalsdeildin:

Blackburn-Liverpool 2-3

0-1 Maxi Rodríguez (12.), 0-2 Maxi Rodríguez (16.), 1-2 Yakubu Aiyegbieni (35.), 2-2 Yakubu Aiyegbieni, víti (60.), 2-3 Andy Carroll (90.+1). Rautt spjald: Doni, Liverpool (25.).

STADAN:

Man.United	32	25	4	3	78-27	79
Man. City	32	22	5	5	75-26	71
Arsenal	32	19	4	9	63-41	61
Tottenham	33	17	8	8	57-38	59
Newcastle	33	17	8	8	50-42	59
Chelsea	33	16	9	8	56-38	57
Everton	33	13	8	12	38-34	47
Liverpool	33	12	10	11	40-36	46
Fulham	33	11	10	12	43-43	43
Norwich City	33	11	10	12	46-52	43
Sunderland	33	11	9	13	42-41	42
Stoke City	33	11	9	13	32-45	42
WBA	32	11	6	15	39-43	39
Swansea City	32	10	9	13	35-41	39
Aston Villa	32	7	14	11	35-44	35
Bolton	32	9	2	21	36-65	29
QPR	32	7	7	18	35-56	28
Blackburn	33	7	7	19	45-70	28
Wigan	32	6	10	16	30-57	28
Wolves	32	5	7	20	34-70	22

Spænska úrvalsdeildin:

Barcelona-Getafe 4-0

1-0 Alexis Sánchez (12.), 2-0 Lionel Messi (43.), 3-0 Alexis Sánchez (73.), 4-0 Pedro (75.)
Barcelona er nú aðeins einu stigi á eftir Real Madrid í spænsku deildinni en hefur leikið einum leik meira.



SVEKKTUR Doni, markvörður Liverpool, fékk að líta rauða spjaldið í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Dramatískur sigur Liverpool:

Carroll hetja Liverpool

FÓTBOLTI Andy Carroll varð loksins hetja hjá Liverpool í gær er hann skoraði sigurmarkið gegn Blackburn í skrautlegum leik.

Liverpool komst 0-2 yfir en þá missti liðið markvörðinn Doni af velli. Inn kom markvörður númer þrjú hjá félaginu, Brad Jones.

Blackburn nýtti sér liðsmuninn vel og náði að jafna, 2-2. Seinna markið kom úr víti eftir ótrúleg mistök Jones sem mátti þakka fyrir að hanga inn á vellinum.

Blackburn pressaði grimmt í lokin en Carroll stal stigunum fyrir Liverpool með smekklega skallamarki í einni af fáum sóknunum Liverpool í síðari hálfleik.

- hbg

AÐALFUNDUR N1 HF.

Aðalfundur N1 hf. 2012 verður haldinn á 20. hæð í turninum, Smáratorgi, Kópavogi, fimmtudaginn 12. apríl nk. og hefst kl. 15:00.

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á hinu liðna starfsári.
2. Ársreikningur félagsins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun stjórnarlauna, undirnefnda stjórnar og þóknun til endurskoðenda.
5. Starfskjarastefna félagsins.
6. Stjórnarkjör.
7. Kjör endurskoðenda.
8. Tillögur um kaup á eigin hlutum.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl.14:30 á fundardegi.

Tillögur fundarins liggja fyrir á skifstofu félagsins hluthöfum til kynningar tveimur vikum fyrir fundinn.

Kópavogi 23. mars 2012

Stjórn N1 hf.

N1



RÉTTA DEKKIÐ BREYTI ÖLLU



Þú færð SONAX túrbó hreinsiklút í kaupbæti með þvotti hjá Bón- og þvottastöðinni*

Gildir til laugardagsins 14. apríl.



Eftir að Bón- og þvottastöðin hefur gert bílinn þinn skínandi hreinan að utan er tilvalið að gera hann glansandi að innan með SONAX túrbó hreinsiklútnum.

SONAX óskar Bón- og þvottastöðinni til hamingju með nýja og glæsilega stöð.

**Bón- og
þvottastöðin notar
SONAX bón og
hreinsivörur!**



GRJÓTHÁLSI 10

588 1010 • WWW.BON.IS
MÁN.-FÖS. 8-18, LAU. 10-16

PIPAR/IBWA - SIA - 12.1073

SONAX[®]

www.sonax.is



GRJÓTHÁLSI 10

* Á meðan birgðir endast



„Snaps. Það eru tvö píanó inni á staðnum svo það er alltaf góð stemning. Svo skemmir ekki fyrir að staðurinn er við hliðina á mér, en ég mæli með öndinni.“

Anna Svava Knútsdóttir, leikari og handritshöfundur.

Stórafmæli Tom Cruise á Íslandi

Tom Cruise er væntanlegur til landsins í júní með tökuliði stórmyndarinnar Oblivion. Þetta staðfesti Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá framleiðslufyrirtækinu True North, í frétt á vef RÚV í gær.

Tom Cruise verður fimmtugur 3. júlí næstkomandi og hyggst samkvæmt heimildum Fréttablaðsins halda upp á afmælið á Íslandi. Sömu heimildir herma að vinum Cruise og eiginkonu hans, leikkonunnar Katie Holmes, verði boðið í veisluna. Í þeim hópi eru m.a. hjónin David og Victoria Beckham og Will og Jada Pinkett-Smith.

True North heldur utan um tökuliði Oblivion hér á landi, en tókur fara að mestu fram uppi á hálandi. Tom Cruise talaði um væntanlegt stórafmæli í viðtali í bandaríska sjónvarpsþættin-

um Extra í desember á síðasta ári. Þar sagðist hann staðráðinn í að halda upp á áfangann þrátt fyrir að þurfa eflaust að vinna á afmælisdaginn. „Við höldum upp á þetta einhvers staðar, þó að ég verði eflaust við tókur á afmælisdaginn,“ sagði hann.

Ekki náðist í Leif hjá True North við vinnslu fréttarinnar.

- afb

STÓRAFMÆLI Á ÍSLANDI Tom Cruise er væntanlegur til landsins í júní og hyggst halda upp á fimmtugsafmælið sitt hér á landi. Vinum Cruise ku vera boðið til veislunnar, en í þeim hópi eru m.a. hjónin David og Victoria Beckham.



KAUPTHING MANAGER SELECTION

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 72.942
(the „Sicav“)

ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KAUPTHING MANAGER SELECTION to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the Sicav on 30 April 2012 at 11.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the Independent Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2011
3. Allocation of the results
4. Discharge to the Directors
5. Renewal of the mandate of the Independent Auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sicav. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – ifs.fds@bdl.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.

RAGNAR ÞÓRHALLSSON: ÞETTA ER ALLT MJÖG ÓRAUNVERULEGT

Of Monsters and Men selur 55 þúsund plötur á viku

„Við lifum á tónlistinni. Það er pottþétt draumur hvers tónlistarmanns,“ segir Ragnar Þórhallsson, annar söngvara hljómsveitarinnar Of Monsters and Men.

Platan My Head Is an Animal með Of Monsters and Men hefur selst í um 55 þúsund eintökum frá því að hún kom út í Bandaríkjunum 3. apríl, samkvæmt vefritinu Hits Daily Double. Til að setja töluna í samhengi þá greinir Reuters frá því að nýjasta plata Madonna hafi selst í 46 þúsund eintökum á sama tímabili, en hún kom út viku á undan plötu Of Monsters and Men. My Head Is an Animal situr nú í þriðja sæti vinsældalista iTunes ásamt því að vera ofarlega á söluhlutum vefversunarinnar Amazon.com.

„Þetta hljómar allt mjög vel, en maður skilur samt ekki alveg hvað þessar tölur þýða, þetta er svo ótrúlegt,“ segir Ragnar. Hann var staddur í rútu í grennd við Albany í New York-ríki, ásamt öðrum meðlimum hljómsveitarinnar, þegar Fréttablaðið hafði samband. Söngkonan Nanna Bryndís Hilmarsdóttir segir góða stemningu í hljómsveitinni. „Við vorum orðin rosalega þreytt eftir tónleikana í New York en í gær fengum við dagsfrí sem við eyddum uppi á hótélherbergi og sváfum,“ segir hún, en hljómsveitin hefur verið á ferðalagi um Bandaríkinn frá 13. mars.

Uppselt hefur verið á alla 19 tónleikana og innt eftir því hvort þau finni sjálf fyrir þessum miklu vinsældum svarar Ragnar því játandi. „Þetta er allt mjög óraunverulegt. Við erum beðin um eiginhandararitarnir og spilum fyrir fullu húsi öll kvöld. Maður þarf að stoppa reglulega til þess að klípa sig í handlegginn,“ segir hann.



ÓTRÚLEG VELGENGNI Hljómsveitin Of Monsters and Men nýtur talsverðra vinsælda í Bandaríkjunum um þessar mundir. Hljómsveitin kom á dögnum fram í þættinum Hoppus On Music á sjónvarpsstöðinni Fuse, þar sem þessi mynd er tekin.

NORDPHOTOS/GETTY

GLEE-STJARNAN Í AÐDÁENDAHÓPNUM

Bandarískir notendur Twitter-samskiptasíðunnar hafa verið einstaklega duglegir við að minnast á Of Monsters and Men í tístum sínum undanfarna daga. Hundruð færslna um hljómsveitina birtast á hverjum degi og flestir dásama plötuna My Head Is an Animal. Leikkonan Lea Michele, sem er þekktust fyrir hlutverk sitt í þáttunum Glee, tísti um Of Monsters and Men á dögnum og sagðist hafa hlustað á hljómsveitina alla leiðina í vinnuna, á tókustað Glee.



Of Monsters and Men heldur til Evrópu í lok mánaðarins en fær sex daga frí á Íslandi áður og að sögn Ragnars og Nönnu hlakka þau öll mikið til þess að komast heim. „Ég hlakka til þess að borða eitthvað annað en hamburgara,“ segir Nanna

Bryndís og Ragnar samsinnir því. „Ég hlakka til þess að borða ýsu og kartöflur og mömmumat. Hér er voða fátt í boði þegar maður borðar seint að nóttu til og á hálfgerðum hlaupum.“

sara@frettabladid.is
atlifannar@frettabladid.is



GÖNGUGREINING

- getur m.a. hjálpað ef þú finnur fyrir:

- Preytuverkjum og pírring í fótum
- Verkjum í hnjám
- Aumum hælum
- Beinhimnubólgu
- Verkjum í iljum
- Verkjum í baki eða mjöðmum
- Hásinavandamálum

Sjúkráþjálfari framkvæmir göngugreiningu hjá Heilsulandi

HEILSULAND
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík
Sími: 571-1000 | www.sportland.is

Sérfræðingar Heilsulands eru Ásmundur Arnarsson og Jónas Grani Garðarsson sjúkráþjálfarar

Indversk KVIKMYNDAHÁTÍÐ

í Bíó Paradís 11.-20. apríl 2012

Vefsíða kvikmyndahátíðarinnar er www.indianfilmfestival.is

Indversk kvikmyndahátíð er til styrktar Vinum Indlands og er haldin í samstarfi við:

Lærir leikstjórn í New York

„Þetta verður nýtt og spennandi ævintýri fyrir okkur,“ segir Jörundur Ragnarsson leikari en hann hefur fengið inngöngu í Columbia-háskólann í New York og heldur utan í haust.

Jörundur, sem er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í Vakta-seríunum og nú síðast Heimsendi, ætlar í meistaranám í kvikmyndaleikstjórn og handritagerð, en hann hefur lengi langað til að spreyta sig fyrir aftan linsuna. „Ég fékk nasabefinn af þessu ferli í vinnu minni með Ragnari Bragasyni og höfundahópnum. Það var frábær reynsla að taka þátt í að móta hugmynd frá grunni og jafnt og þétt jókst áhugi minn á fleiri sviðum kvikmyndagerðar,“ segir Jörundur en námið er lágmark þrjú ár.

Nám við kvikmyndadeild Columbia-háskólans er mjög eftirsótt og segir Jörundur að einungis sex prósent umsækjenda hafi fengið inngöngu. Leikstjórnarnir Ísold Uggadóttir og Hafsteinn Sigurðsson hafa bæði lokið þessu námi við skólann.

Jörundur var kallaður í viðtali í febrúar og fór það fram á Skype sem að hans sögn gekk ekki alveg að óskum. „Ég fékk vitlausar upplýsingar um tímamismuninn og var því hálf óundirbúinn fyrir framan tölvuna í viðtalinu. Það bætti ekki á stressið og ég var viss um að ég væri búinn að klúðra þessu,“ segir Jörundur sem fékk svo þær gleðifregnir fyrir stuttu að hann hefði komist inn.



KVEÐUR Í BILI Jörundur Ragnarsson leikari er kominn inn í meistaranám í kvikmyndaleikstjórn og handritagerð í Columbia-háskólann í New York og fer út í haust.

Jörundur er í sambúð með leikkonunni Dóru Jóhannsdóttur og saman eiga þau einn son. Jörundur á von á því að mæðginin fari út til hans í lok árs. „Stærsti þröskuldurinn er að fjármagna námið en það er dýrt að læra í Bandaríkjunum. Ég er samt vongóður og bjartsýnn og hlakka til að prófa að búa í New York þar sem skapandi orka blómstrar.“ - áþ

Safnaðu þekkingu

Fjölbreytt námskeið á næstunni

Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst



MENNING

Forsaga Íslands
hefst 16. apríl

Skáldsaga sett á leiksvið: Svar við bréfi Helgu
hefst 18. apríl

Framhjáganga Þórbergs Þórðarsonar 1912
-merkasta gönga íslenskra bókmennta hundrað ára
hefst 18. apríl

Manngerðir hellar á Íslandi
skráningarfrestur til 24. apríl

Arcadi Volodos og rússneski píanóskólinn
skráningarfrestur til 2. maí

Jarðfræði Reykjaness
hefst 7. maí

SPLUNKUNÝ LEIKRIT!
Óvænt sjónarhorn á fjögur íslensk leikskáld
skráningarfrestur til 16. maí

UPPLÝSINGATÆKNI

Windows Communication Foundation (WCF)
hefst 16. apríl

Kanban í upplýsingatækni
skráningarfrestur til 26. apríl

STARFSTENGD HÆFNI

Sölu- og ráðgjafanámskeið. Inniskór eru ekki málið
hefst 24. apríl

Gerð ferilskrár
skráningarfrestur til 8. maí

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Overcoming low self-esteem
hefst 27. apríl

Health anxiety
hefst 11. maí

LÖGFRÆÐI

Rangar og brostnar forsendur í samningarétti
skráningarfrestur til 25. apríl

STJÓRNUN OG FORYSTA

Stjórnun og leiðtogahæfni
hefst 16. apríl

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum
skráningarfrestur til 16. apríl

Skipulag starfsþróunarmála og mælingar á árangri þeirra
skráningarfrestur til 17. apríl

Síðareglur: Undirbúningur, skráning og ávinningur
skráningarfrestur til 19. apríl

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Fjármál og vinnubrögð fyrir almenna stjórnendur
skráningarfrestur til 16. apríl

Hagfræði fasteignamarkaða
hefst 18. apríl

Virðismat fyrirtækja
skráningarfrestur til 1. maí

TUNGUMÁL

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
skráningarfrestur til 5. maí

UPPELDI OG KENNSLA

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
skráningarfrestur til 20. apríl

Íslenski þroskalistinn
haldið 26. apríl

PERSÓNULEG HÆFNI

Trjárækt á sumarhúsalóðum
haldið 16. apríl

Úr neista í nýja bók - framhaldsnámskeið
hefst 17. apríl

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVÆFI

Nýr Evrópustaðall um hönnun steinsteypuvirkja:
ÍST EN 1992-1-1:2004 (Eurocode 2)
skráningarfrestur til 19. apríl



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMFRÆÐAN

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mest stolið um páskana

Kvikmyndin *Contraband*, sem kom út í Bandaríkjunum í upphafi árs, er ein vinsælasta mynd ólöglegu deilisíðunnar *The Pirate Bay*. Eftir að hafa verið þar efst á lista yfir mest sóttu myndirnar um páska-helgina er hún nú komin niður í það þriðja. Myndin, sem er endurgerð **Baltasars Kormáks** á íslensku myndinni Reykjavík



Rotterdam, skartar þeim Mark Wahlberg og Kate Beckinsale í aðalhlutverkum. Hún hefur fengið góðar viðtökur vestanhafs og greinilegt að fólk alls staðar að úr heiminum hefur áhuga á að horfa á hana, þó ekki séu allir til í að greiða fyrir áhorfið.

Kolfinna í ítalska Vogue

Fyrirsætan **Kolfinna Kristófersdóttir** kemur fyrir í myndabætti fyrir ítalska *Vogue* sem nefnist *Because the Night*. Ljósmyndarinn Steven Meisel myndaði þáttinn en hann myndaði meðal annars Madonna fyrir bók hennar *Sex* sem kom út árið 1992. Meisel stundaði nám við Parsons the New School for Design og hefur áður unnið með tískuhúsum á borð við Versace, Valentino, Dolce & Gabbana og Calvin Klein. *Vogue.it* birti á síðu sinni myndband frá tókunum og er andrúmsloftið draumkennt og svólítið drungalegt. Ferill Kolfinnu virðist því vera á hraðri uppleið, en stúlkan vakti einnig mikla athygli fyrir frammistöðu sína á tískuvikunum í byrjun ársins.



- trs, sm

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Virðast ráðast á hvaða hunda sem er
- 2 Kate Winslet kom við á Íslandi
- 3 Kattardráp í Grafarvogi: Eigandi læðunnar gagnrýnir yfirvöld
- 4 Tvö flugmóðurskip á Persaflóa
- 5 Þóra stofnar kosningasjóð

sumarferdir.is

☆ Almería

ROQUETAS DE MAR

- Tilvalinn sumarfangastaður fyrir alla fjölskylduna!

Almería er frábær sumarfangastaður fyrir fjölskyldufólk. Hagstætt verðlag, fjölbreyttar gistingar, margt um að vera og ekki sakar hversu ódýrt er að ferðast þangað. Við bjóðum upp á úrval gistivalmöguleika, þriggja til fimm stjörnu hótél, án fæðis, hált fæði eða allt innifalið á ótrúlega hagstæðu verði - þitt er valið!

Nánar á sumarferdir.is

FRÁBÆRT VERÐ!



Mediterraneo Park Hotel

ALLT INNIFALIÐ! ☆☆☆☆

4 stjörnu frábærlega staðsett á ströndinni í Roquetas de mar. Skemmtidagskrá fyrir börn og fulloröna. Allt fæði og drykkir innifaldir í verði!

frá 119.800 kr.

Verð á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn. Verð frá kr. 142.880 fyrir 2 fulloröna. Brottför: 19. júní og heimkoma viku síðar.

Fallegur strandbær og glæsilegar gistingar á mjög hagkvæmu verði.

Sólríkur og menningarlegur staður í hjarta Andalúsíu.

Margt um að vera, fjölbreytt afþreying og verslunarmögulekar.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vísir þú að...
 börn eiga
 rétt á
 heilbrigðum
 lífinum

SUMAR FERDIR

...eru betri en aðrar

* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting í viku og íslensk fararstjórn.

